

**SUNDSAMBAND ÍSLANDS**

**ÞINGGERÐ  
60. SUNDPINGS**

**2013**

# 60. þing Sundssambands Íslands

Haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013

## Þinggerð

### Dagskrá Sundþings 2013

#### Föstudagur

Staðsetning: Ásvallalaug

kl. 17:00 Skráning þingfulltrúa hefst. Þingsetning kl. 18:00.

1. Þingsetning
2. Kjör kjörbréfanefndar
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt
6. Kosning starfsnefnda þingsins
7. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
8. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga
9. Afgreiðsla reikninga
10. Tillögur kynntar og vísað til nefnda
11. Tillaga stjórnar um þjónustugjöld
12. Nefndastörf  
Ávörp, formaður SSÍ og forseti ÍSÍ

#### Laugardagur

Staðsetning: Ásvallalaug

kl. 08:30 – 09:00 Morgunhressing

13. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla
14. Kosningar
15. Afgreiðsla breytingatillagna
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum
17. Önnur mál
18. Þingslit

## **Föstudagur 22. febrúar 2013**

### **Setning þingsins**

---

Hörður setur þingið og býður gesti frá ÍSÍ velkomna. Forseti ÍSÍ fær orðið. Þakkar gott samstarf á liðnu ári, þakkar einnig Herði sérstaklega gott samstarf á árinu, segir ljóst að rekstur er í góðu lagi þó tap sé á árinu sé eiginfjárstaða jákvæð og taka verði tillit til þess að það voru ólympíuleikar á árinu og óskar jafnframt hreyfingunni til hamingju með árangurinn á árinu því árangur ólympíuleikanna séu í heildina sennilega sá besti sem náðst hefur hingað til. Talar einnig um að uppskeruhátíð hreyfingarinnar sé til fyrirmyndar að þar sem hún sé algerlega áfengislaus. Óskar þingfulltrúum velfarnaðar á þinginu. Hörður tekur aftur til máls og þakkar framkvæmdastjórn ÍSÍ einnig gott samstarf á árinu og þakkar þeim komuna á þingið.

### **Kosning kjörbréfanefndar**

---

Tilnefndar hafa verið Lóa Birna Birgisdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir og Karen Malmquist, Hlín Ástþórsdóttir verður þeim innan handar.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **Kjörnir þingforsetar og þingritarar**

---

Hörður J. Oddfríðarson fomaður SSÍ gerði tillögu um Hafstein Pálsson og Friðrik Ólafsson og var það samþykkt. Hafsteinn óskaði eftir tilnefningum um þingritara og eru Ragnildur Guðjónsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir tilnefndar, ekki fleiri tillögur og eru þær því rétt kjörnar.

**Þingforseti** leitaði eftir því hvort nokkur gerði athugasemd við boðun þingsins. Enginn gerði athugasemd og þingforseti gerði þá ráð fyrir því að allir þingfulltrúar væru samþykkir því hvernig að þingboðun var staðið og lýsti þingið lögmætt. Þá hófst dagskrá í samræmi við lög SSÍ og áður útsend gögn.

### **Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ**

---

**Hörður J. Oddfríðason** mælti fyrir þingskjali nr. 2013-05 um heiðursviðurkenningar

#### **60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**

samþykkir að veita eftirtöldum aðilum Heiðursmerki SSÍ fyrir störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi:

#### **Gullmerki**

- Unnsteinn Stefánsson fyrrverandi stjórnarmaður í SSÍ

#### **Silfurmerki**

- Bjarney Sigríður Snævarsdóttir fráfarandi gjaldkeri SSÍ
- Bjarni Snæbjörnsson Íþróttafélaginu Styrmi
- Jón Þór Þorleifsson Íþróttafélaginu Styrmi
- Sarah Buchley ræsir á alþjóðlegum lista FINA
- Björn Valdimarsson dómari á alþjóðlegum lista FINA
- Kári Kaaber Sundfélagi Hafnarfjarðar
- Karl Klein Sundfélagi Hafnarfjarðar

Afhending merkjanna fer fram í upphafi hádegisverðar á morgun laugardag.

### ***Greinargerð***

---

Unnsteinn sat lengi í stjórn SSÍ og hefur verið virkur í starfi sundhreyfingarinnar í marga áratugi. Hann hefur fylgt börnum og barnabörnum á bakkann, var mjög virkur í starfi Sf Ægis og Sundsambandsins.

Bjarney hefur setið í stjórn SSÍ og starfað sem gjaldkeri í fimm ár og hefur verið mjög traust í samstarfi. Hún hefur verið mjög virk í starfi hreyfingarinnar og er ekki hætt störfum fyrir hana þó hún láti nú af störfum í stjórn SSÍ.

Bjarni og Jón Þór voru tveir úr mjög drífandi hópi á vegum Íþróttafélagsins Styrmis sem dró hingað til lands mjög stórt sundíþróttamót, IGLA, þar sem keppt var í öllum sundíþróttum – í fyrsta sinn á Íslandi á sama tíma. Eftir þetta mikla starf þeirra býr SSÍ að reynslu auk þess sem tækjabúnaður og eignir sambandsins jukust.

Sarah og Björn komust inn á alþjóðlega lista FINA yfir ræsa og dómara. Þetta er okkur mjög mikilvægt og það hefur verið hefð að þeir sem komast inn á þessa lista séu sæmdir silfurmerki SSÍ.

Kári og Karl hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu sundhreyfingarinnar í gegnum félagið sitt SH. Kári hefur dæmt mikið undanfarin ár auk þess að hafa stundað garpasund og verið leiðandi þar. Karl hefur verið mjög virkur í tækni- og mótamálum og verið leiðandi í þeim málum á undanförunum árum.

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **Niðurstaða kjörbrefanefndar kynnt**

---

Talsmaður kjörbrefanefndar kemur og kynnir niðurstöður nefndarinnar. 23 Héraðssambönd og Íþróttabandalög eiga seturétt á þinginu með 83 fulltrúa, borist hafa kjörbref frá 8 héraðssamböndum og Íþróttabandalögum sem eiga rétt á fulltrúum, 41 atkvæði er gilt þar af er eitt umboð Kjörbrefum dreift til aðildarfélaga.

**ÍA** – Katrín Leifsdóttir, Eygló Karlsdóttir og Trausti Gylfason

**ÍBA** – Halla Halldórsdóttir, Elsa B Guðmundsdóttir, Ragnheiður Runólfsdóttir, Ólafur Baldursson og umboð fyrir Börk Þór Ottósson

**ÍRB** – Sigurbjörg Róbertsdóttir, Anna Gunnlaugsdóttir, Harpa Kristín Einarsdóttir, Guðmunda Róbertsdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Guðný Magnúsdóttir, Guðrún Jóna Árnadóttir, Sigurþór Sævarsson. Varafulltrúi Sigmar Björnsson og Kolbrún Marelsdóttir

**ÍBR** – Bergþóra Guðmundsdóttir, Björn Valdimarsson, Gunnar Valur Sveinsson, Hallgrímur Björgvinsson, Hörður J Oddfríðarson, Ingibjörg Kristinsdóttir, Jóhannes Benediktsson, Jón Hjaltason, Jón Þór Ólason, Jón Oddur Sigurðsson, Magnús Steinarsson, Ragnhildur Guðlaugsdóttir, Snorri Olgeirsson, Svanhvít G Jóhannesdóttir, Sverrir Gíslason. Varamenn – Eiríkur Baldursson, Guðjón Ásmundsson, Hólmgeir Reynisson, Kristján Jóhannesson, Lóa Birna Birgisdóttir, Ragnar Marteinnsson, Krístrún Marvinsdóttir og Þuríður Einarsdóttir.

**ÍBH** – Kristín Pétursdóttir, Karl Georg Klein, Klaus Jurgen Ohk, Guðmundur Rafn Bjarnason, Bragi Þorsteinsson og Magnús Kár Óttarsson. Varamenn – Valgerður Jóna Guðjónsdóttir og Sólrún Gunnarsdóttir.

**UMSK** – María Fanndal Birkisdóttir, Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Karl Pálmason, Haukur Ómarsson og Geir Rúnar Birgisson.

**HSK** – Magnús Tryggvason

**ÍS** – Bjarni Már Svavarsson, Magnús Már Jakobsson og Rebekka Riviere Magnúsdóttir.

*Kjörbréf voru staðfest samhljóða.*

### **Kosning starfsnefnda þingsins**

---

**a) Fjárhagsnefnd:**

Lagt er til að Halla Halldórsdóttir verði formaður nefndarinnar.

*Samþykkt*

**b) Allsherjarnefnd:**

Lagt er til að Jón Hjaltason verði formaður nefndarinnar.

*Samþykkt*

**c) Mótanefnd:**

Lagt er til að Sigurbjörg Róbertsdóttir verði formaður nefndarinnar.

*Samþykkt*

Aðrir þingfulltrúar velja sér nefndir eftir því sem þeirra áhugasvið liggur.

*Samþykkt samhljóða*

## **2013-03 Skýrsla stjórnar**

**Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ** flutti útdrátt úr skýrslu stjórnar sem lá fyrir þinginu. Hörður stiklar á stóru varðandi atriði skýrslunnar, svo sem starfsemi nefnda á vegum sambandsins. Hann greindi einnig frá því hverjir eru á launum hjá sambandinu þar sem hann hefur orðið var við misskilning hvað það efni varðar undanfarið. Ræðir einnig samskipti við hugsanlega styrktaraðila, samskipti við fjölmiðla. Þá ræðir hann heimasíðu SSÍ en mikið hefur verið leitað að heppilegu formi fyrir heimasíðu. En nú er svo komið að ný heimasíða er að líta dagsins ljós og verður væntanlega komin í gagnid í næstu viku.

Emil Harðarson kynnir nýju heimasíðuna lauslega og fer yfir hvernig síðan er hugsuð. Skýrsla stjórnar er sett hér inn í þinggerðina óbreytt.



# **ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2011-2013**

## **Yfirlit yfir nefndir og stjórnir SSÍ, Skýrsla stjórnar SSÍ Skýrslur nefnda SSÍ**

## ***EFNISYFIRLIT***

EFNISYFIRLIT.....	7
ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2011 til 2013.....	9
Sundþing 2011.....	9
Þingforsetar.....	9
Þingritari.....	9
Kjörbréfanefnd.....	9
Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2011.....	9
Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.....	9
Kjörin á sundþingi.....	9
NEFNDAFÓLK SSÍ.....	10
SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIÐ 2011-13.....	10
Dómara-, móta- og tækninefnd:.....	10
Fræðslu- og kynningarnefnd:.....	10
Aga- og siðanefnd:.....	10
Kjörnefnd.....	10
<i>Garpar</i> .....	10
<i>Dýfingar</i> .....	10
<i>Víðavatnssund</i> .....	10
<i>Sundknattleikur</i> .....	10
Landsliðsnefnd:.....	10
Mannvirkjanefnd:.....	10
Launaðir starfsmenn SSÍ 2010-11.....	10
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11.....	11
Inngangur.....	11
Stjórn SSÍ.....	11
Skrifstofa SSÍ.....	12
Rekstur og afkoma.....	12
Landsliðsstarf.....	12
Stefna SSÍ.....	12
Sundípróttir fyrir alla.....	13
Lög og reglur.....	13
Mótahald SSÍ.....	13
Erlent samstarf.....	13
Fjölmiðlar og samskipti.....	13
Að lokum.....	14

Landsliðsnefnd SSÍ 2011-13.....	15
Dómara-, Móta og Tækninefnd SSÍ 2011-2013.....	17
Sundíþróttanefnd SSÍ 2010-11 <i>GARPAR</i> .....	17
Sundíþróttanefnd SSÍ 2010-11 <i>DÝFINGAR</i> .....	18



# ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIÐ 2011-13

59. þing SSÍ var haldið í sal KSÍ og að Efstaleiti 7 Reykjavík  
dagana 25. og 26. febrúar 2011

## Sundþing 2011

<b>Þingforsetar</b>	Benedikt Sigurðarson og Guðmundur Jón Bjarnason
<b>Þingritari</b>	Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal
<b>Kjörbréfanefnd</b>	Bjarney S Snævarsdóttir Haukur Magnússon Hlín Ástþórsdóttir

### Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2011

83 fulltrúar frá 26 sambandsaðilum hafa seturétt á sundþingi 2011. Kjörbréf bárust frá 9 sambandsaðilum sem eiga rétt á samtals 51 aðalfulltrúum. 38 einstaklingur eru skráðir á þingið. Atkvæðafjöldi er 38 en engin umboð eru gild að þessu sinni.

### Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

#### Kjörin á sundþingi

<b>Stjórn SSÍ:</b>	<b>Formaður:</b>	Hörður J. Oddfríðarson ÍBR – kjörinn 2009 til fjögurra ára Hlín Ástþórsdóttir ÍBH – kjörin 2009 til fjögurra ára Ragnar Marteinnsson ÍBR – kjörinn 2009 til fjögurra ára Bjarney Snævarsdóttir ÍRB – 2009 til fjögurra ára Ólafur Baldursson ÍBS – kjörinn 2009 til fjögurra ára Heimir Örn Sveinsson ÍBH – kjörinn 2011 til fjögurra ára Ingi Þór Ágústsson – kjörinn 2011 til fjögurra ára Jón Oddur Sigurðsson – kjörinn 2011 til fjögurra ára Karen Malmquist – kjörinn 2011 til fjögurra ára
	<b>Varamenn:</b>	Hólmgeir Reynisson – kjörinn 2011 til tveggja ára Jónas Tryggvason ÍBR – kjörinn 2011 til tveggja ára
	<b>Skoðunarmenn reikninga:</b>	Júlíus Guðnason ÍA Guðbjörg Elsie Einarsdóttir ÍRB bæði kjörin til tveggja ára.

# NEFNDAFÓLK SSÍ

SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIÐ 2011-13

<p><b>Dómara-, móta- og tækninefnd:</b> Svanhvít Jóhannsdóttir ÍBR formaður Björn Valdimarsson ÍBR Gunnlaugur Þráinsson ÍBR Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir HSK Ragnhildur Guðjónsdóttir ÍBR Steinunn Rósa Einarsdóttir ÍBR <i>Ólafur Baldursson fulltrúi stjórnar</i></p> <p><b>Fræðslu- og kynningarnefnd:</b> Ríkharður Ríkharðsson <i>Hólmgeir Reynisson fulltrúi stjórnar</i> <i>Jón Oddur Sigurðsson fulltrúi stjórnar</i> <i>Ragnar Marteinsson fulltrúi stjórnar</i></p> <p><b>Aga- og siðanefnd:</b> Ásdís Ó Vatnsdal ÍBR formaður Helga Sigurðardóttir ÍBA <i>Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar</i></p> <p><b>Kjörnefnd:</b> <i>Hlín Ástþórsdóttir fulltrúi stjórnar</i></p>	<p><b>Sundíþróttanefnd:</b> <i>Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar</i> <i>Karen Malmquist fulltrúi stjórnar</i> <i>Heimir Örn Sveinsson fulltrúi stjórnar</i> <i>Hólmgeir Reynisson fulltrúi stjórnar</i> <i>Hörður J Oddfríðarson fulltrúi stjórnar</i> <i>Ólafur Baldursson fulltrúi stjórnar</i></p> <p><b>Garpur</b> Árni Rúnar Árnason ÍBH formaður María Valdimarsdóttir HSH Karl Georg Klein ÍBH</p> <p><b>Dýfingar</b></p> <p><b>Viðavatnssund</b> Árni Þór Árnason ÍBR formaður Benedikt Hjartarson ÍBR Sigurjón Þórðarson Tindastóli Þórdís Hrönn Pálsdóttir UMSK</p> <p><b>Sundknattleikur</b></p> <p><b>Landsliðsnefnd:</b> <i>Hörður J Oddfríðarson fulltrúi stjórnar</i> <i>Ingi Þór Ágústsson fulltrúi stjórnar</i> <i>Jón Oddur Sigurðsson fulltrúi stjórnar</i></p> <p><b>Mannvirkjanefnd:</b> Starfaði ekki á árinu</p>
--	--

## Launaðir starfsmenn SSÍ 2011-2013

Ingigerður Einarsdóttir framkvæmdastjóri til ágúst 2011  
Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri frá september 2011  
Emil Örn Harðarson mótastjóri  
Jacky Pellerin landsliðsþjálfari frá ágúst 2012

# SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2011-13

## Inngangur

Stjórn SSÍ hóf starf sitt strax að loknu síðasta Sundþingi með endurskoðaða stefnu SSÍ að leiðarljósi. Stjórnin var að mestu samhent í störfum sínum og lítill ágreiningur var um afgreiðslu mála.

Enn og aftur er það þannig að nefndir sambandsins eru misvirkar og ljóst að þeir sem veljast til stjórnarstarfa fyrir SSÍ þurfa að skoða hvað er til ráða til að fá fólk til starfa í nefndum og virkja starf þeirra betur.

Við höfum sett okkur raunhæfa og góða afreksstefnu sem er í stöðugri endurskoðun og er reynt eftir fremsta megni að framfylgja þeirri stefnu. Þjálfararáð starfaði fyrst um sinn en nú er landsliðsnefnd orðin virk aftur og starfar í samvinnu við landsliðsþjálfara og framkvæmdastjóra SSÍ og er von okkar að það skili okkur markvissara landsliðsstarfi. Áætlun fyrir landslið er því í góðum höndum.

Við höfum gert okkur gildandi í norðurlandasamstarfinu (NSF) auk þess sem við tökum virkan þátt í alþjóða- og evrópusamstarfinu (FINA og LEN).

Fundargerðir stjórnar hafa verið birtar á heimasíðu SSÍ. Umhald gagna hefur verið í höndum framkvæmdastjóra sambandsins.

Fræðslumálin hafa ekki gengið sem skildi en von okkar er að Leonardo þjálfunarverkefnið komist í notkun sem fyrst. Verið er að leggja síðustu hönd á þýðingu á íslensku.

Dómaramál í sundi eru í fóstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara en illa hefur gengið að fá nýliða á námskeið og fresta hefur þurft námskeiðum vegna þessa. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Við eigum 5 alþjóðlega dómara á listum FINA og 3 alþjóðlega ræsa en það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta eru alþjóðleg hér á landi og þarf að framkvæma samkvæmt ítrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum, því annars þyrftum við að flytja þá inn. Reynt hefur verið að senda dómara erlendis til að viðhalda þekkingu. Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi árið 2015 og huga þarf að þjálfun starfsamanna fyrir þann viðburð.

Stjórn SSÍ mun hér eftir sem hingað til aðstoða félög við að reyna að fá betri aðstöðu til sundiðkunar í þeirra heimabæjum en ekki hefur lagast aðstaðan hvorki á Akureyri né Akranesi þar sem vonast var eftir nýjum innisundlaugum.

Stjórn SSÍ staðfesti 27 félagaskipti, 200 íslensk met þar af 77 Íslandsmet í sundi, 8 landssveitarmet en þetta eru umtalsvert fleiri met en árin á undan.

Mikil kynslóðaskipti verða oft eftir Ólympíuleika en við lítum björtum augum á næstu ár þar sem mikið er af ungu og efnilegu sundfólki. Við þurfum að huga vel að fjölgun í sundhreyfingunni og finna ráð til að auka iðkun sundfótrtta. Félögum hefur verið boðið að óska eftir heimsókn frá formanni eða öðrum stjórnarmönnum SSÍ til upplýsinga. Félög hafa verið misdugleg við að nýta þennan möguleika en gert er ráð fyrir að halda áfram á þessari braut.

## Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 23 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi við einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara.

Í kjölfar sundþings skipti stjórnin með sér verkum, Hlín Ástþórsdóttir er varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir er gjaldkeri, Ólafur Baldursson er ritari og tók að sér Móta- og dómarasvið. Saman skipaði þessi hópur framkvæmdaráð SSÍ ásamt framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum SSÍ. Framkvæmdaráð SSÍ hélt 33 formlega fundi fyrir utan aðra óformlega fundi. Hugsanleg breyting verður á þessu fyrirkomulagi og ýmsar hugmyndir í gangi til að gera starfið skilvirkara.

Jónas Tryggvason sér um dýfingamál fyrir hönd stjórnar, Karen Malmquist hefur haft með garpamál að gera fyrir stjórn.

Breytingar urðu á stjórn á tímabilinu en Heimir Örn Sveinsson og Hólmgeir Reynisson óskuðu eftir lausn frá störfum. Stjórn SSÍ ákvað að fá þær Lóu Birnu Birgisdóttur og Málfríði Sigurhansdóttur til starfa.

Á þessu sundþingi ganga formaður og fjórir aðalstjórnarmenn úr stjórn auk varamanna. Úr aðalstjórn ganga þau Bjarney S Snævarsdóttir, Hlín Ástþórsdóttir, Ólafur Baldursson og Ragnar Marteinsson. Úr varastjórn ganga þeir Hólmgeir Reynisson og Jónas Tryggvason. Hlín, Ólafur, Ragnar og Jónas hafa gefið kost á sér til endurkjörs ásamt Herði Oddfríðarsyni formanni. Það er því ljóst að kjósa þarf formann, fjóra aðalstjórnarmenn til fjögurra ára, einn til tveggja ára í stað Heimis og tvo í varastjórn til tveggja ára. Áfram sitja í stjórninni Jón Oddur Sigurðsson, Ingi Þór Ágústsson og Karen Malmquist.

## ***Skrifstofa SSÍ***

Ingigerður Einarsdóttir framkvæmdastjóri SSÍ lét af störfum í júlí 2011, í september sama ár tók Ingibjörg Helga Arnardóttir við starfi framkvæmdastjóra í hluta starfi. Emil Örn Harðarson hefur starfað í hlutastarfi sem mótastjóri. Jacky Pellerin hóf störf sem landsliðsþjálfari maí 2012 í hlutastarfi.

Ekki hefur orðið breyting á húsnæði skrifstofunnar en óskað hefur verið eftir því við ÍSÍ að stækka skrifstofuna.

Samstarf SSÍ við ÍSÍ er gott. Önnur sérsambönd hafa einnig átt í ágætum samskiptum við SSÍ.

Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabíl fært bókhald sambandsins og gerir enn.

## ***Rekstur og afkoma***

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Lausafjárstaðan var stöðugt umræðuefni á fundum stjórnar SSÍ á liðnum starfsárum. Fjárhagsleg afkoma SSÍ árið 2011 er svipuð og fjárhagsáætlun sem samþykkt var á sundþingi 2011 sagði til um en fjárhagsleg afkoma SSÍ árið 2012 er þó nokkuð verri en áætlað var. Við erum langt undir væntingum þegar kemur að fjáröflunum utan við hefðbundnar tekjuleiðir.

Stjórn SSÍ hefur endurtekið rætt fjáröflun á fundum sínum og var áætlað að hefja sókn í fjáröflunum þar sem leggja átti áherslu á framlög einstaklinga sem og fyrirtækja. Því miður hefur framkvæmdin ekki verið eins og til stóð og fjáröflunarverkefni SSÍ öll enn á byrjunarreit. Lausafjárstaða SSÍ hefur verið í járnnum síðast liðið ár. SSÍ óskar áfram eftir því við aðstandendur hreyfingarinnar að fjáröflun fyrir landslið verði eflað og framkvæmd oftari og allir taki virkan þátt.

Tekjur SSÍ úr Getrauna- og Lottópottum eru svipaðar og gert var ráð fyrir í áætlunum.

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á samning við Totem umboðsaðila Speedo á Íslandi, samningurinn kemur til með að gilda fram yfir Ólympíuleikana í Rio de Janeiro. Honum fylgja möguleikar til að klæða landslið í samræmdan búning og að auki njóta dómara SSÍ samningsins sem og starfsmenn sambandsins. Einnig eru viðræður í gangi við bankastofnun og opinbert fyrirtæki um styktarsamninga. Þá eru viðræður milli SSÍ, Menntamálaráðuneytisins, Fjármálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um Sundíþróttamiðstöð Íslands og þjóðarleikvang í sundíþróttum hafnar. Allir aðilar hafa verið jákvæðir og vonir standa til þess að niðurstaðan verði sterkari umgjörð um sundíþróttir á Íslandi og aukin opinber framlög í uppbyggingu og útbreiðslu sundíþróttar.

Markmið stjórnar hefur verið að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Það hefur nokkurn veginn tekist en ekki má mikið út af bregða. Styrkir til landsliða hafa verið að skornum skammti og af þeim sökum hefur kostnaður við verkefnið lagst að hluta til á sundfólkið.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði hreyfingunni fé til skilgreindra verkefna SSÍ. Verkefnatengdir styrkir Afrekssjóðs til SSÍ eru okkur mikilvægir því þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við þátttöku afrekslandsliðs í Evrópu- og heimsmeistaramótum.

SSÍ hefur rekið virka forvarnarstefnu og félög og deildir geta sótt forvarnarfræðslu án endurgjalds til SSÍ en ekkert félag hefur nýtt sér þá þjónustu til þessa og samningar aðila um þjónustuna verða ekki endurnýjaðir nema til komi áhugi félaga á að nýta sér hana.

## ***Landsliðsstarf***

Sjá skýrslu Landsliðsnefndar

## ***Stefna SSÍ***

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Í henni er byggt á fyrri stefnu sambandsins auk þess sem afrekshlutinn er útfærður og markmið eru skýrð. Stefna sem þessi er í sífelldri endurskoðun og á að vera lifandi og breytileg eftir aðstæðum og þess vegna eru einnig lögð fram á þessu sundþingi skjöl sem fyrst og fremst eru til að vekja hugmyndir og geta orðið drifkraftur í að uppfæra lifandi stefnu. Það skiptir máli að afreksstefnan sé uppfærð reglubundið og stillt af. Við höldum fundi með þjálfurum og formönnum á Íslandi þar sem farið var yfir viðmið og lágmörk til þess að sem mest samstaða gæti skapast um starfið.

Stefnumótun SSÍ er til þess að standa við bakið á þeim einstaklingum sem velja þann lífsstíl sem afreksíþrótt krefst, en einnig til að vernda og bæta almenna umgjörð um sundíþróttir á Íslandi. Það er von okkar að eftir tiltölulega fá ár getum við staðið upp og sagt „sundíþróttir standa öllum þeim til boða sem vilja stunda þær“.

## ***Sundíþróttir fyrir alla***

Samkvæmt iðkendonum virðist sem fækki í sundfélögum landsins þrátt fyrir að sund sé eitthver sú fjölmennasta íþrótt sem iðkuð er hér á landi. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Aðstaða hefur lagast til muna til að iðka dýfingar eftir að skipt var út brettum í Sundhöllinni í Reykjavík. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik en það fer frekar hægt af stað. Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig. Aukin opnunartími í Nauthólsvík hefur þar átt stóran þátt.

Fjölgun hefur einnig verið hjá Görpum og eigum við von á enn frekari fjölgun þar. Mörg félög hafa staðið sig vel í þjónustu við þann hóp.

Ekki hefur borið mikið á skólasundmótum en ýmsar hugmyndir í gangi og mun SSÍ leita til félaganna með það í huga og þá með það að markmiði að fjölga í íþróttinni.

## ***Lög og reglur***

Engar breytingar þurfa að fara fram á lögum SSÍ á þessu þingi. Mál sem komu upp sem kallaði á aðkomu Aga- og síðanefndar SSÍ voru afgreidd af nefndinni, lögð fyrir stjórn SSÍ og teljast afgreidd. Öll lyfjapróf sem tekin voru af íslensku sundfólki á þessu tímabili reyndust neikvæð, þ.e. allir stóðust prófin. Það er sundhreyfingunni mikils virði að teljast til þeirra íþróttgreina þar sem lyf og sterar koma lítið við sögu. Einhver notkun er á fæðubótarefnum og orkudrykkjum í óhófi en rétt er að vara við slíku, sérstaklega á meðan innihaldsmerkingar eru ekki nægilegar. Neysla fæðubótarefna, vítamína og orkudrykkja er ávallt á ábyrgð þeirra sem neyta.

## ***Mótahald SSÍ***

Mótahald SSÍ hefur verið í föstum skorðum að undanskildum Bikarmeistaramótinu en ekki tókst að finna hentugan tíma fyrir mótið á síðasta ári. Það sem hefur bæst við er Íslandsmót í 5km sundi og Íslandsmót í Sundknattleik.

Framundan er breyting á AMÍ og við bætist UMÍ (Unglingameistaramót Íslands) bæði mótin haldin í júní. Framkvæmd móta hjá SSÍ tókst vel og er vert að þakka þeim félögum sem aðstoðuðu við framkvæmd mótanna.

NMU 2011 og Ísland vs Færeyjar 2012 voru haldin hér á landi og tókst með ágætum.

Uppskeruhátíð SSÍ er orðin fastur liður í starfinu að loknu ÍM 25 þar sem sundfólk fær viðurkenningar fyrir síðasta sundár. Hátíðin er ávallt áfengislaus og er öllum til sóma.

Íslandsmót var haldið í Víðavatnssundi í samstarfi við Hið íslenska kaldavatnsfélag og tókst vel, þátttaka var þó ívið minni en fyrri ár. Garpastarfið er í föstum skorðum og ávallt fjölmenni á IMOC og fleiri félög farin að gera ráð fyrir keppni garpa. Þríþrautin heldur áfram að dafna og er mikil fjölgun í þeirri íþrótt.

## ***Erlent samstarf***

SSÍ hefur, að undirlagi ÍSÍ, unnið að því að auka áhrif sín innan Norræna sundsambandsins NSF, Evrópska Sundsambandsins LEN og Alþjóða sundsambandsins FINA.

Norrænt samstarf hefur verið okkar stökkpallur inn í starf stærri samtakana, þar sem Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra. Einnig hafa smáþjóðir Evrópu haft með sér samtök til að gæta sameiginlegra hagsmuna. Við eigum fulltrúa í sundtækninefnd LEN sem er Guðmundur Harðarson einnig eigum við nú fulltrúa í garpanefnd LEN en það er Hörður Oddfríðarson. Guðmundur hefur verið mjög sýnilegur og virkur í starfi sínu og fengið mikið hrós frá samstarfsfólki sínu, hann var endurkjörinn á fundi LEN í september 2012. Hörður var kosin inn í garpanefndina í september 2012 og hefur sótt einn fund.

Formaður og varaformaður SSÍ hafa haldið utan um alþjóðlegt samstarf og ábyrgð í alþjóðlegum samskiptum. Þing LEN var haldið hér á landi vorið 2011 og tókst alveg einstaklega vel.

Í alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland skipað sér í flokk með öðrum norrænum þjóðum auk þess sem við höfum sérstaklega ræktað tengsl okkar við Belgíu, Þýskaland, Frakkland, Bretland og Írland. Markmið þessara landa er að sameina Evrópu á ný og ná þannig eðlilegum styrk í FINA.

Þess má svo gjarnan geta hér að alþjóðlegir dómara okkar Íslendinga hafa verið að dæma á mótum LEN og FINA og fá undantekningalaust góða og jákvæða umsögn að mótunum loknum. Það er okkur mikilvægt að viðhalda okkar góða orðspori í alþjóðlegu sundsamhengi.

## ***Fjölmiðlar og samskipti***

Enn hefur sú vinna við að koma sundi inn í fjölmiðla borið lítinn árangur en á síðustu mótum hefur SSÍ átt gott samstarf við SportTv. Kostnaður við beina útsendingu á RÚV eða Stöð2 er það hár að SSÍ getur ekki réttlætt það, aftur á móti hefur möguleikinn á beinni útsendingu á netinu fjölgað í raun beinum

útsendingum. Ekki hefur okkur tekist að manna alltaf fjölmiðlafulltrúa á öll mót og er það ekki gott, og því enn og aftur óskað eftir áhugasömum til að taka það að sér að sjá um umfjöllun og koma upplýsingum jafnóðum til fjölmiðla og á heimasíðu SSÍ. Þó hafa náðst nokkrar góðar dýfur.

Samskipti SSÍ við fjölmiðla eru í heildina góð en oft á tíðum tengist það persónulegum tengslum sem hafa myndast milli aðila.

Á undanförunum tveimur árum hefur stjórn SSÍ leitað fyrir sér með nýja vefsíðu sem væri allt í senn, auðveldari í daglegri meðferð, næði sambandi við vefsvæði ÍSÍ, fjárhagslega hagkvæmt og auðvelt að setja inn á hana upplýsingar á skipulegan hátt. Það er því mikil ánægja sem fylgir því að tilkynna um opnun á nýrri heimasíðu SSÍ. Síðan er hönnuð hjá Advanía og SSÍ gekk inn í samning ÍSÍ við það fyrirtæki. Það þýðir að við njótum þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin fyrir ÍSÍ, við fáum aðgang að þeim endurbótum sem ÍSÍ lætur gera og við getum látið sérsníða fyrir okkur viðbætur. Þetta fáum við á mjög hagkvæmu verði vegna tengsla okkar við ÍSÍ. Við teljum því að biðin undanfarin tvö ár hafi verið þess virði og sundhreyfingin muni njóta nýrrar heimasíðu, sem er að mörgu leyti grundvöllur vaxtarmöguleika okkar.

Allflestir sem koma að störfum innan íþróttahreyfingarinnar gera það í sjálfböðavinnu og eyða ómældum tíma í þágu íþróttar. Störf þessi eru oft á tíðum vanmetin og stutt í gagnrýni. Það hefur reynst erfitt að fá fólk til ýmissa starfa og kannski skiljanlegt þegar oft á tíðum að fólk greiðir með sér á ýmsan máta.

### ***Að lokum***

Við í sundhreyfingunni erum heppin að hafa allan þennan fjölda af fólki sem er tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu til að sundmennirnir okkar geta stundað íþróttina af kappi. Við gerum ráð fyrir að starfið sé gefandi og skemmtilegt og því þurfum við að vera góð við hvort annað og muna að við erum öll að vinna að sama markmiði. Við erum líka mannleg og misjöfn.

Hér á eftir fara skýrslur einstakra starfsnefnda sambandsins og reikningar þess. Stjórn SSÍ þakkar nefndarfólki það sem það lagði af mörkum á árinu og fólkinu í sundhreyfingunni fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Ég þakka einnig stjórnarfólki góð og gefandi samskipti á liðnu ári.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands  
Hörður J. Oddfríðarson  
formaður SSÍ

## LANDSLIÐSNEFND 2011-13

Á Ólympíuári er jafnan margt að gerast í landsliðsmálum hjá SSÍ og starfsárin 2011 – 2012 var þar engin undantekning. Stefnan var sett á Ólympíuleikana með sterka sveit og fór tímabilið í skipulagningu og framkvæmd þeirra verkefna til að ná að uppfylla þau markmið.

Afreksstarfi SSÍ var framfylgt eftir því sem við var komið. Fram að sundþingi 2011 sá formaður SSÍ ásamt framkvæmdarstjóra SSÍ um skipulagningu verkefna landsliðsins. Eftir sundþingið 2011 var ákveðið að endurvekja landsliðsnefnd og sæti í nefndinni tóku formaður SSÍ, stjórnarmaður, Ingi Þór Ágústsson, ásamt framkvæmdarstjóra SSÍ. Nefndin leitaði eftir álitum þeirra, Jacky Pellerin, yfirþjálfara Ægis og Klaus Jurgen Ohk, yfirþjálfara SH og höfðu þeir umsjón með framkvæmd útgáfu lágmarka fyrir landsliðsverkefni. Þegar kom að verkefnum var leitað eftir samstarfi við yfirþjálfara félaga um að taka að sér umsjón og framkvæmd verkefna en sitt sýnist hverjum um val nefndarinnar á þjálfurum í verkefni eins og gengur. Um miðjan maí 2012 var Jacky Pellerin yfirþjálfari Ægis ráðinn landsliðsþjálfari. Hlutverk Jacky er að halda utan um landsliðið og verkefni þeim tengd í samstarfi við landsliðsnefnd. Á árinu 2012 tók Magnús Tryggvason sæti í landsliðsnefndinni og við það yfirgaf formaður SSÍ nefndina. Starfið í nefndinni hefur verið annasamt á þessu sundári og að mörgu að huga. Má það alveg segjast að lágmark fyrir landsliðsverkefni mega alveg koma fyrir fram, sem og verklagsreglur við val á þjálfurum í verkefni ættu að vera mun skýrari og gegnsærri. Nefndin hefur sett sér það markmið að í lok júní ár hvert ættu öll lágmark fyrir komandi sundár að liggja fyrir enda ætti það að vera eðlileg krafa hvers sundfélags að geta sett sér markmið fyrir komandi sundár við lok sundársins í samræmi við þau lágmark. Hægt er að skipta þessum tveimur árum í fjóra hluta hvað varðar starfið í landsliðsnefnd. Í fyrsta lagi unglíngalandsliðsverkefni, í öðru lagi undirbúningur að Ólympíuleikum, í þriðja lagi Ólympíuleikarnir í London og svo landsliðsverkefni að loknum leikunum.

### Unglíngalandsliðsverkefni

NMU var haldið á Íslandi í desember 2011. Stór hópur var valinn til þátttöku á mótinu og verður að segjast að margt má læra af því hvernig það val fór fram en nokkur mistök voru gerð, eingöngu vegna samskiptaleysis og misskilnings í aðdraganda mótsins. Þjálfarar í þessu verkefni voru þau Ragnheiður Runólfsdóttir, Óðni og Anthony Kattan, ÍRB. Árangur liðsins í heild var góður. Íslandsmet, landsmet og aldursflokkamet féllu á mótinu. Landsliðsfólkið okkar var á palli í mörgum greinum og í heildarstigakeppninni endaði íslenska liðið í 4. sæti af sjö liðum með 357 stig. Svíar unnu stigakeppnina með 702 stigum.

**Sundmót Smáþjóða** fór fram að þessu sinni í Andorra í byrjun júní 2012. Ísland sendi stóran hóp sundmanna til keppni á mótið en samtals fóru 23 sundmenn á mótið. Þjálfarar í þessu verkefni voru þau Klaus Jurgen Ohk, SH og Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, Breiðablik. Árangur íslensku keppendanna var mjög góður og fjölmargir verðlaunapeningar skiluðu sér til Íslands en í heildarstigakeppni mótsins vann Ísland með 938 stigum.

**EMU** í Antwerpen í Belgíu 4.-8.júlí 2012. Það voru fjórir sundmenn sem kepptu á þessu móti og þjálfari var Klaus Jurgen Ohk SH. Árangur sundmanna var við væntingar en ungmennin voru flest að synda alveg við sitt besta.

**NMÆ** í Danmörku 5.-8. Júlí 2012. Það voru þrír sundmenn sem fóru til keppni á þetta mót og þjálfari var Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir Breiðablik. Árangur liðsins var með ágætum, eitt gull, eitt silfur og eitt brons. Íris Ósk Hilmarsdóttir ÍRB vann til gullverðlauna í 200m baksundi.

Í viku á undan ofanverðum tveimur verkefnum, eða 25. júní fram að mótunum, þá fór liðið í æfingarbúðir í Bath í Englandi með styrk frá enska ríkinu. Voru liðin á æfingu með þeim einstaklingum er voru í lokaundirbúningi fyrir keppni á Ólympíuleikum. Í þeim æfingarbúðum gafst tækifæri til að skapa liðstemmingu sem ætti að stefna að oftast með einstaklinga er hafa náð keppnisrétti á erlendum mótum á vegum SSÍ.

**Open Water** í Koceli Tyrklandi. Í fyrsta sinn tók SSÍ þátt í open water sundmóti og sendi þrjá sundmenn til þátttöku. Þjálfari var Mladen Tepavcevic SH. Á þessu fyrsta sundmóti var árangur samkvæmt væntingum. Þetta er sundmót sem vert er að hafa í huga í framtíðinni.

NMU Vaasa í Finnlandi 14. – 16. desember 2012. Nítján sundmenn fóru í þetta verkefni. Þjálfarar voru Jacky Pellerin Ægir og Ragnheiður Runólfsdóttir Óðinn. Ágætis árangur náðist á NMU. Íris Ósk Hilmarsdóttir setti glæsilegt telpnamet í 200 metra baksundi og vann gullið í þeirri grein. Aðrir sem unnu til verðlauna voru þau Kristinn Þórarinnsson, Bára Kristín Björgvinsdóttir, Paulina Lazorikova og Ólöf Edda Eðvarðsdóttir. Sundmennirnir voru að sýna framfarir og margir voru að setja persónuleg met. Ísland var í næstneðsta sæti í stigum. Við áttum litla möguleika gegn stóru liðunum sem voru með fullskipuð lið. Okkur vantaði marga sundmenn í eldri hópinn til að vera með í stigakeppni liða.

### Undirbúningur að Ólympíuleikum 2012

**Ísland / Færeyjar** voru haldnir í Færeyjum í byrjun október 2011. Til keppni fór stór hópur að venju og þjálfarar í verkefninu voru þeir Jacky Pellerin Ægir og Klaus Jurgen Ohk SH. Færeyingar voru að venju

góðir heim að sækja og hefur skapast skemmtileg stemming fyrir þessari keppni sem og samstarfi þessara tveggja þjóða. Ísland vann stigakeppnina.

**EM 25 í Szczecin** í Póllandi dagana 8.-11. desember 2011. Sundmenn í þessu verkefni voru þau Hrafn Traustason SH, Bryndís Rún Hansen Óðni, Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH og Karen Sif Vilhjálmisdóttir SH. Þjálfari í þessu verkefni var Klaus Jurgen Ohk. Árangur íslensku keppendanna var hreint með ágætum en Bryndís Rún setti Íslandsmet í 50m og 100m flugsundi og Ingibjörg Kristín setti Íslandsmet í 50m baksundi ásamt því að synda í úrslitum í greininni.

**EM 50** í Debrecen í Ungverjalandi í lok maí 2012. Til keppni á þetta mót fóru 12 sundmenn. Jacky Pellerin Ægir fór sem þjálfari, Unnur Snædís sem sjúkrapjálfi og Málfríður Sigurhansdóttir og Þórður Gunnar Þorvaldsson (búsettur í Debrecen) voru með sem fararstjórar. Einnig ferðaðist með hópnum Hjörleifur Ljósmyndari sem tók viðtöl og skrifaði fréttir frá mótinu. Fyrir þetta mót hafði Eygló Ósk Gústafsdóttir náð Ólympíulágmarkinu í 200m baksundi á Íslandsmeistaramótinu. Árangur íslensku keppendanna á mótinu var mjög góður heilt yfir að líta. Sarah Blake Bateman náði Ólympíulágmarkinu í 50m skriðsundi á mótinu. Boðsundsveit kvenna náði svo þeim ótrúlega góða árangri að ná inn í úrslit í 4x100m fjórsundi og enduðu þær í fjórða sæti á nýju landsmeti. Þessi árangur skilaði því að í fyrsta sinn í sögu sundíþróttarinnar átti Ísland keppendur í boðsundi á Ólympíuleikum. Árangur Hrafnhildar Lúthersdóttur á þessu mót var einnig mjög góður – hún synti til úrslita í 200m bringusundi þar sem hún varð í fimmta sæti á nýju Íslandsmeti. Þá setti hún Íslandsmet í 100m bringusundi sem og í 50m bringusundi. Eygló Ósk Gústafsdóttir setti Íslandsmet í 200m baksundi.

Að loknu mótinu í Debrecen fór hluti liðsins á Mare Nostrum mótaröðina en það verkefni var ekki á vegum SSÍ þó að skrifstofa SSÍ hafi komið að skipulagningu ferðarinnar.

### Ólympíuleikarnir í London 2012

Eftir frekar langa bið í júní þá kom að lokum endanlegur listi frá FINA um hverjir fengu þátttökurétt á leikunum og í hvaða greinum. Ólympíuhópur Íslands í sundi samanstóð af eftirfarandi sundmönnum; Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir, Sarah Blake Bateman Ægir (báðar á Ól. Lágmarkum), Hrafnhildur Lúthersdóttir SH, Eva Hannesdóttir KR, Jakob Jóhann Sveinsson Ægir, Anton Sveinn McKee Ægir og Árni Már Árnason ÍRB. Þjálfari var Jacky Pellerin, sjúkrapjálfi Unnur Snædís og fararstjóri Ingi Þór Ágústsson. Ólympíuhópurinn fór frá Íslandi 24.júní í æfingarbúðir til Bath í Englandi og var þar við æfingar fram að Opna franska meistaramótinu er fór fram í París í 13.- 14.júlí. Eftir það mót fór liðið í æfingarbúðir í Cannet alveg þangað til liðið kom í Ólympíuþorpið 25.júlí. Fyrstu vikuna í þorpinu var liðið við æfingar tvisvar á dag fram að keppni. Árangur liðsins á leikunum var ekki eins og væntingar stóðu til. Jákvaðir punktar voru tvö Íslandsmet, eitt hjá Sarah Blake Bateman í 100m flugsundi og eitt hjá Eygló Ósk Gústafsdóttur í 100m baksundi í 4x100m fjórsundi kvenna. Sarah náði síðan besta árangri íslenskrar sundkonu á leikunum er hún háði swim off í 50m skriðsundi. Ísland átti boðsundsveit í 4x100m fjórsundi á leikunum í fyrsta skipti í sögunni og endaði hún í 15.sæti. Horfa verður í heild á árangur þeirra sundmanna er fóru til keppni á þessum leikum þegar það er sagt að árangur hafi ekki verið eins og væntingar stóðu til. Jakob Jóhann náði sér engan veginn á strik. Eygló Ósk náði sér ekki á strik en líta má á þetta mót sem undirbúning hennar fyrir leikana í Ríó eftir fjögur ár. Árangur Sarah var góður með Íslandsmet og besta árangur sundkonu á leikunum ef horft er í sæti í grein. Hrafnhildur slasaðist á olnboga í æfingarbúðunum í Cannet og gat ekki beitt sér sem skyldi á leikunum. Árni Már synti sitt eina sund á nákvæmlega sama tíma og á leikunum í Kína fyrir fjórum árum. Anton Sveinn náði sér ekki á strik á þessum leikum og líta má að þetta var að einhverju leyti undirbúningur undir leikana í Ríó. Fara verður betur yfir það hvað fór úrskeiðis varðandi undirbúning okkar keppenda. Horft hefur verið í nokkra þætti sem þarf að meta og endurskoða til að undirbúningur okkar fyrir næstu Ólympíuleika verði sem bestur og árangur okkar eftir því.

### Landsliðsverkefni að loknum leikum

**Ísland / Færeyjar** á Íslandi 13.október 2012. SSÍ var með sextán sundmenn við keppni á þessu mótinu sem stóðu sig vel og Ísland vann heildarstiga keppnina líkt og á liðnu ári. Þjálfarar í þessu verkefni voru Jacky Pellerin Ægir og Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir Breiðablik.

**EM 25** í Chartes í Frakklandi 22. – 25. nóvember 2012. Ísland átti sjö sundmenn á þessu mótinu og þjálfarar í þessu verkefni voru Jacky Pellerin, Ægir og Klaus Jurgen Ohk, SH. Einnig átti SSÍ tvo dómara á mótinu. Árangur íslensku keppendanna var undir væntingum heilt yfir. Það voru sundmenn sem voru að standa sig og ná árangri líkt og Eygló Ósk, Ingibjörg Kristín og Inga Elín en árangur annarra var undir væntingum sem má gera til þeirra á sundmótinu sem þessu.

**HM 25** í Istanbul Tyrklandi 12. – 16. desember 2012. Ísland átti þrjú keppendur á þessu mótinu og fór Klaus Jurgen Ohk, SH sem þjálfari ásamt einum dómara frá SSÍ. Keppendur stóðu sig vel á mótinu en Anton Sveinn setti þrjú Íslandsmet á mótinu, í 400m skriðsundi, í 800m skriðsundi og í 1500m skriðsundi.

Landsliðsnefnd samanstendur, þegar þetta er ritað, af þremur einstaklingum; Inga Þór Ágústssyni, Magnúsi Tryggvasyni og Málfríði Sigurhansdóttur. Með nefndinni starfa einnig framkvæmdarstjóri SSÍ



sem og landsliðsþjálfari SSÍ. Mikil vinna hefur átt sér stað á liðnum árum í nefndinni og hefur átt sér stað mikil endurskoðun á starfi nefndarinnar og hvernig verklagi hennar er háttað. Engin mannleg verk eru án gagnrýni og hefur nefndin ávallt litið til þess að taka henni sem rýni á sín störf til að geta þá gert góða hluti betri. Undanfarið hefur nefndin verið að vinna að verkferlum varðandi lágmörk fyrir landsliðsverkefni sem og skipan landsliðsmála. Það er von nefndarinnar að geta kynnt ákveðna hluti á sundþingi 2013 í þessum málum

F.h. landsliðsnefndar

Ingi Þór Ágústsson

## *DÓMARA-, MÓTA- og Tækninefnd SSÍ 2011-13*

Í dómara-, móta- og tækninefnd SSÍ starfsárið 2011-2013 störfuðu Svanhvit G. Jóhannsdóttir frá Fjölni, formaður DMT, Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir frá Selfossi, ritari DMT, Gunnlaugur Þráinsson frá Ægi, Björn Valdimarsson frá ÍFR/Fjölni, varaformaður DMT, Steinunn Rósa Einarisdóttir frá Ármanni, Ragnhildur Guðjónsdóttir frá Ægi og fulltrúi stjórnar SSÍ var Ólafur Baldursson frá Óðni.

### **Verkefni erlendis.**

Ólafur Baldursson sótti fund á vegum Fina í Tokyó í apríl 2012 og einnig var Ólafur dómari á EMU í Antwerpen í júlí 2012.

Svanhvit G. Jóhannsdóttir og Haraldur Hreggviðsson fóru sem dómara á Evrópumeistarmótið í 25m laug í Chartrés í Frakklandi í nóvember 2012.

Ólafur Baldursson fór á Heimsmeistaramótið í 25m laug í Tyrklandi í desember 2012.

### **Dómaranámskeið.**

Haldin voru tvö dómaranámskeið, í október 2011 í Ásvallalaug og í mars 2012 í Laugardalslaug. Voru þau bæði vel sótt.

Ákveðið var að hafa dómaranámskeið haustið 2012 en vegna dræmrar þátttöku þá var það fellt niður og stefnt að halda námskeið snemma árs 2013. Það er alltaf þörf á að bæta við dómurum þar sem reynslan hefur sýnt að meðal starfstími dómara er 2-3 ár.

Farið var af stað með yfirdómaranámskeið í mars 2012 og byrjuðu 8 yfirdómaranemar sem voru síðan útskrifaðir á ÍM25 (í nóvember 2012) í Hafnarfjarðarlaug og eru þetta frábærir einstaklingar sem standa sig mjög vel í nýju hlutverki.

### **Endurmenntun:**

Tvö endurmenntunarnámskeið voru haldin á sundárinu, bæði í formi fyrirlestra. Í tengslum við ÍM25 í nóvember 2011 hélt Ólafur Baldursson vel sóttan fyrirlestur og í tengslum við RIG í janúar 2012 hélt Bretinn Craig Hunter áhugaverðan fyrirlestur og svaraði spurningum íslenskra sunddómara m.a. um störf sunddómara á laugarbakkanum o.fl. sem tengist öðru en sundreglum.

Haldnir voru fundir með dómurum frá flestum félögum sambandsins, svokallað „Dómaraspjall,, Þetta voru fundir sem féllu í góðan jarðveg. Fundarferðinni lauk með fundi yfirdómara í nóvember 2012, sem fjölmenntu, málin rædd og verklag yfirdómara samræmt.

### **Dómaralisti:**

Nýr listi yfir dómaranema, almenna dómara og yfirdómara er uppfærður reglulega undir umsjón Ingibjargar Laugdal og sendir hún listana jafnóðum á skrifstofu SSÍ og á félögin. Á listann eru skráðir 22 yfirdómara. eru fimm þeirra á listum yfir alþjóðlega yfirdómara og þrír þeirra á lista yfir alþjóðlega ræsa.

### **Önnur verkefni:**

IGLA var haldið í júní 2012. Um mjög stórt mót var að ræða og fjölmennt starfslíð.

Íslandsmót í Víðavatnssundi var í júlí 2012 á vegum SSÍ og HÍK (Hið Íslenska Kaldavatnsfélag).

SSÍ hefur afhent 500 stk. boli til dómara á síðustu fjórum árum vegna samnings við Totem (Speedo)

F.h. Dómara – móta og tækninefndar

Ólafur Baldursson

## *Sundíþróttanefnd SSÍ 2011-13 GARPAP*

Garpastarf árið 2011 er komið svo langt aftur í minnisbankann að það eina sem situr eftir er IMOC í Ásvallalaug í byrjun maí. Lokahólf var svo haldið í andyri/forsal laugarinnar. NOM garpa var haldið í Kaupmannahöfn og fóru amk 2 Íslendingar þangað og fulltrúar garpa sátu þar fund Norrænu nefndanna og skiluðu inn skýrslu um þann fund. Lítið annað fór fram þetta árið enda fé af skornum skammti.

Starfsemi garpanefndar árið 2012 var frekar í daufari kantinum. Þó má geta þess að nú eru orðin 3 garpamót á ári, þ.e. garpamót Ægis fyrri hluta árs, garpamót Breiðabliks að hausti og IMOC í maí. Að auki bjóða SH-ingar gjarnan upp á garpagreinar á sínum sundmótum.

Það er stefna garpanefndar að halda IMOC annaðhvert ár á höfuðborgarsvæðinu og svo úti á landi. Hingað til hafa mót úti á landi farið fram á Siglufirði, en árið 2012 kom umsókn frá ÍBV og fannst okkur tilvalið að fara þangað með mótið. Með því að fara svona "út á land" vonast garpanefnd til að markvissundiðkun, gjarnan með keppni í huga, aukist meðal þeirra sem eru eldri en 25 ára.

Við vorum ekki svikin af Vestmannaeyjum og móttökum þar. Veður var með eindæmum, Landeyjahöfn opin og hnallþórir biðu starfsmanna mótsins. Þátttaka var ágæt.

Enginn garpur fór á NOM í Svíþjóð. Smá miskilningur var í gangi og bárust gögn frá Svíum aldrei til garpanefndar. Mótshaldari á að senda viðkomandi sundsambandi boðsbréf og allar upplýsingar, sem og formönnum garpanefnda á Norðurlöndunum. Þess vegna er svo mikilvægt að við höldum vel utanum þann lista og pössum að hann sé alltaf réttur á heimasíðu SSÍ.

Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir vegna NOM sem haldið verður á Íslandi fyrstu helgina í október 2013. Það er afar mikilvægt að við stöndum okkur betur að kynningarmálum varðandi það mót. Við sendum full seint frá okkur tilkynningar fyrir 5 árum þegar NOM var haldið í Ásvallalaug en það var fyrsta mótið sem haldið var í þeirri laug.

IMOC verður haldið í byrjun maí og er um að gera að fara að skipuleggja það hið fyrsta og senda út tilkynningar á evrópsku sundsamböndin.

Karen Malmquist formaður garpanefndar SSÍ

## *Sundiþróttanefnd SSÍ 2011-13 DÝFINGAR*

Eftir frekar mögur undanfarin ár hljóp töluvert á snærið hjá dýfingafólki árið 2012. Þar má helst nefna að við skipulögðum alþjóðlegt mót, fengum ný dýfingabretti, höldum dómarnámskeið og tókum þátt í sjónvarpsþætti.

**Ný dýfingabretti** – Alþjóðlegt mót í sundiþróttum IGLA sem haldið var í Maí 2012, varð mikil áhrifavaldur fyrir dýfingarfólk. Þá var stefnt hingað mikið að iðkendum sundiþróttar og setti undibúningsnefndin mikla pressu á ÍTR að fjárfesta í nýjum stökkbrettum fyrir mótið. Dýfingamenn hafa verið að predika þetta fyrir daufum eyrum í mörg ár, en Mótsnefndin Bjarni Snæbjörnsson og Jón Þór Þorleifsson fengu þetta í gegn með truckki. Nýju brettin komu rétt fyrir mótið og var unnið fram á síðustu stund við að festa þau og stilla af. Það náðist allt rétt í tæka tíð.

**Dómaranámskeið** – Í undirbúningi fyrir IGLA mótið var haldið dómaranámskeið, til að mennta nýja dómara. Það gekk vel og við áttum fjóra góða íslenska dómara á mótinu auk þess að fá einn danskan reynslubolta til liðs við okkur.

**Alþjóðlegt Dýfingamót** – Á dagskrá IGLA leikanna var dýfingakeppni á 1 meters og 3 metra brettum. Alls mættu 12 karlar og 2 konur til keppni og var keppt samkvæmt alþjóðlegum FINA reglum. Þar voru á meðal mjög sterkir keppendur sem eiga glæstan feril úr bandaríska háskóla-íþróttakerfinu. Mörg glæsileg stökk voru framkvæmd, má nefna erfiðustu stökk sem framkvæmd hafa verið á Íslandi, stökk að erfiðleika 2.8 (Forward 2 ½ Somersault 1 Twist og Back 2 ½ Somersault). Vel tókst til með mörg stökk og fengu nokkrar „10 - tíur“ (hæsta einkunn) að líta dagsins ljós. Sigurvegarar í karlaflokki voru, Joe Grey á 1 meters bretti, og Croft Vaughn á 3 metra bretti. Í kvennaflokki stóð sig best Allison Wright á báðum brettum.

**Samhæfð sundfimi** – Á dagskrá IGLA var námskeið í sundfimi og var það vel sótt og þóttist takast vel. Þá var á síðasta degi mótsins sýning þar sem bæði dýfingamenn og sundfimi-fólk héldu glæsilega sýningu.

**Dagur Rauða nefsins** – UNICEF heldur á ári hverju söfunardag með viðamikilli sjónvarpsdagskrá. Dýfingamenn tóku þátt í þessu átaki, skipulögðu dýfingamót og þjálfuðu upp „celebrities“ (fæga fólkið) til að gera góð stökk og stóðu svo að dómgæslu. Tókst þetta vel upp og þótti gaman að sjá Sveppa, Maríu Birtu, Þórunni Antoníu og fleiri sýni hugrekki og fifldirfsku af háa brettinu.

Fh. Dýfinganefndar

Jónas Tryggvason

## 2011-03 Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar.

Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri SSÍ lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Skýrsla stjórnar og reikningar ársins 2011 og 2012 liggja fyrir á þinginu og á heimasíðu Sundsambandsins.



Ársreikningur Sundsambands Íslands 2011

### Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2011, með undirskrift sinni.

Reykjavík

Hörður J. Oddfríðarson  
Formaður

Bjarney S. Snævarsdóttir  
Gjaldkeri

### Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2011 til 31. desember 2011 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði

Fh. ER - ehf. Endursk. og reikningsskil

### Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2011.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 1. mars 2012

Júlíus V. Guðnason

Guðbjörg E. Einarsdóttir

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>			
Styrkir	1	25.334.196	14.885.553
Tekjur af mótum	2	9.798.101	384.002
Þjónustugjald SSÍ	3	6.769.550	6.717.550
Aðrar tekjur	4	27.301.648	4.630.028
<b>Rekstrartekjur alls:</b>		69.203.495	26.617.133
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>			
Laun og launatengd gjöld	5	10.324.590	6.755.379
Verkefnastjóri landsliða	6	504.603	567.809
Áhöld og tæki	7	2.899.283	2.162.830
Ferðakostnaður innanlands	8	9.178.105	16.044
Mótakostnaður erlendis	9	16.817.359	8.867.868
Kostnaður v/mótahalds	10	7.378.109	1.792.299
Rekstur mannvirkja	11	355.538	255.828
Rekstur skrifstofu	12	2.476.173	3.055.550
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	32.800	11.000
Nefndakostnaður	14	17.969.206	960.451
Kostnaður v/námskeiða	15	312.904	827.914
Annar kostnaður	16	908.254	814.020
Önnur gjöld	17	90.473	97.276
<b>Rekstrargjöld alls:</b>		69.247.397	26.184.268
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:</b>		-43.902	432.865
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>			
Vaxtatekjur		139.226	165.986
Gengismunur		11.764	-25.234
Vaxtagjöld og verðbætur		74.596	58.009
<b>Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:</b>		76.394	82.743
<b>Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :</b>		32.492	515.608
<b>Hagnaður fyrir önnur gjöld:</b>		32.492	515.608
<b>Hagnaður ársins:</b>		32.492	515.608


**EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2011**

<u>Eignir:</u>	Skýr.	<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptareikningur afreksmanna		3.330.500	1.808.575
Viðskiptakröfur		1.148	53.008
Vörslubækur afreksmanna		6.308.242	2.597.156
Handbært fé		<u>9.639.890</u>	<u>4.458.739</u>
<b>Veltufjármunir alls:</b>			
		<b>9.639.890</b>	<b>4.458.739</b>
<b>Eignir samtals:</b>			
		<b>9.639.890</b>	<b>4.458.739</b>
<u>Skuldir og eigið fé:</u>	Skýr.	<u>2011</u>	<u>2010</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Staða 1/1		2.950.107	2.434.499
Hagnaður ( tap ) ársins		32.492	515.608
<b>Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:</b>		<u>2.982.599</u>	<u>2.950.107</u>
<b>Eigið fé samtals:</b>		<u>2.982.599</u>	<u>2.950.107</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptareikningur afreksmanna		1.395.430	20.860
Aðrar skammtímaskuldir		5.261.861	1.488.783
<b>Skammtímaskuldir alls:</b>		<u>6.657.291</u>	<u>1.509.643</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals:</b>		<b>9.639.890</b>	<b>4.459.750</b>


## Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2012, með undirskrift sinni.

Reykjavík



Hörður J. Oddfríðarson  
Formaður



Bjarney S. Snævarsdóttir  
Gjaldkeri

## Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurlíðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði




Erlingur Sveinsson  
Fh. ER - ehf. Endursk. og reikningsskil

## Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2012.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 11. febrúar 2013



Júlíus V. Guðnason



Guðbjörg E. Einarsdóttir

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

<b>REKSTRARTEKJUR:</b>	Skýr.	2012	2011
Styrkir	1	31.847.204	25.334.196
Tekjur af mótum	2	1.193.851	9.798.101
Þjónustugjald SSÍ	3	6.670.709	6.769.550
Aðrar tekjur	4	15.827.052	27.301.648
<b>Rekstrartekjur alls:</b>		<b>55.538.816</b>	<b>69.203.495</b>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>			
Laun og launatengd gjöld	5	7.217.264	10.324.590
Rekstur bifreiðar	6		504.603
Áhöld og tæki	7	3.179.203	2.899.283
Styrkir og undirbúningur landsliða	8	14.383.763	9.178.105
Mótakostnaður erlendis	9	26.037.140	16.817.359
Kostnaður v/mótahalds	10	2.273.978	7.378.109
Rekstur mannvirkja	11	294.372	355.538
Rekstur skrifstofu	12	2.311.032	2.476.173
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	13.243	32.800
Nefndakostnaður	14	1.694.007	17.969.206
Kostnaður v/námskeiða	15	79.356	312.904
Annar kostnaður	16	694.500	908.254
Önnur gjöld	17	117.325	90.473
<b>Rekstrargjöld alls:</b>		<b>58.295.183</b>	<b>69.247.397</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:</b>		<b>-2.756.367</b>	<b>-43.902</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>			
Vaxtatekjur		156.058	139.226
Gengismunur		8.339	11.764
Vaxtagjöld og verðbætur		128.126	74.596
<b>Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:</b>		<b>36.271</b>	<b>76.394</b>
<b>Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :</b>		<b>-2.720.096</b>	<b>32.492</b>
<b>Hagnaður fyrir önnur gjöld:</b>		<b>-2.720.096</b>	<b>32.492</b>
<b>Hagnaður ársins:</b>		<b>-2.720.096</b>	<b>32.492</b>

**EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2012**

<b>Eignir:</b>	Skýr.	2012	2011
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptareikningur afreksmanna			
Viðskiptakröfur		1.674.571	3.330.500
Vörslubækur afreksmanna		1.699.804	1.148
Handbært fé		544.476	6.308.242
<b>Veltufjármunir alls:</b>		<b>3.918.851</b>	<b>9.639.890</b>
<b>Eignir samtals:</b>		<b>3.918.851</b>	<b>9.639.890</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>	Skýr.	2012	2011
<b>Eigið fé:</b>			
Staða 1/1		2.982.599	2.950.107
Hagnaður ( tap ) ársins		-2.720.096	32.492
<b>Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:</b>		<b>262.503</b>	<b>2.982.599</b>
<b>Eigið fé samtals:</b>		<b>262.503</b>	<b>2.982.599</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptareikningur afreksmanna		2.330.622	1.395.430
Aðrar skammtímaskuldir		1.325.726	5.261.861
<b>Skammtímaskuldir alls:</b>		<b>3.656.348</b>	<b>6.657.291</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals:</b>		<b>3.918.851</b>	<b>9.639.890</b>



## Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

Sigurbjörg spyr um breytingar á nefndarkostnaði milli ára, Jóhannes spyr hversu mikla fjármuni við séum að leggja í erlent samstarf og hvaða ávinningur hlýst af því. Fundarstjóri óskar eftir svörum.

Hörður tekur til máls og segir að t.d. höfum við fengið hingað dómara til að kenna og leiðbeina okkur sem verður í staðinn til þess að við þurfum ekki að sækja eins mikið erlendis t.d. til að ná lágmarkum á meðal annars ÓL. Þetta hefði ekki náðst í gegn nema vera virk í erlendu samstarfi og virkja þau tengsl sem hafa skapast. Einnig ef ekki væri leitað eftir erlendu samstarfi gæti það gerst eins og t.d. í Færeyjum og austur Evrópu þá eru þessi sambönd ekki til staðar og lenda þessar þjóðir þá oft í vandræðum þegar þau eru að taka þátt í alþjóðlegum mótum, hafa þá ekki neitt tengslanet að leyta í. Segir okkur einnig hafa getið okkur gott orð innan sundfreyfingarinnar fyrir vikið. Hörður segir norræna samstarfið skipta okkur miklu máli.

Bjarney segir að árið 2011 hafi nefndarkostnaður verið hærri vegna LEN þingsins en þar af leiðandi hafi tekjur líka verið meiri. Sigurbjörg spyr einnig um hvar kostnaður við landsliðsþjálfara liggir og Bjarney svarar því til að hann liggir undir launalið.

*Reikningar samþykktir með þorra atkvæða, einn á móti.*

### Tillögur sem liggja fyrir Sundþingi 2013:

**Þingforseti** gerði grein fyrir því að ekki væri gert ráð fyrir umræðum á þessu stigi þingsins og bað þingfulltrúa að geyma þær þar til í nefndastarfi og við afgreiðslu mála. Eftirfarandi mál voru lögð fyrir þingið og afgreidd áfram til nefnda.

<b>Þingskjöl:</b>	<b>Flutt af:</b>	<b>Vísað til:</b>
Þingskjal nr. 2013-06	Fjárhagsáætlun 2013/2014	SSÍ/HJO Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2013-07	Þjónustugjöld SSÍ	SSÍ/HJO Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2013-08 a	Stefna SSÍ	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-08 b	Afreksstefna SSÍ	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-09	Handbók SSÍ	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-10	Atburðadagatal SSÍ	SSÍ/HJO Mótanefndar
Þingskjal nr. 2013-11	Tillaga um aldursflokkask	SSÍ/HJO Mótanefndar
Þingskjal nr. 2013-12	Ályktun um siðareglur	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-13	Ályktun um lífsbjörg	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-14	Ályktun um heimasíðu SSÍ	SSÍ/HJO Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2013-15	Ályktun um hagr í rekstri	SSÍ/HJO Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2013-16	Ályktun um birtingu lágmark	SSÍ/HJO Mótanefndar

## 11. Tillögur kynntar og vísað til nefnda

Tillaga

## 12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda

Lagt er til að þjónustugjöld einstaklinga hækki verulega eða úr 1000kr. í 2500kr. en í staðinn fari út félagagjald sem áður var inni og SSÍ gjald hækki í 5500kr. sjá nánar þingskjal nr.2013-07.

kl. 19:15 – 19:45 Léttur kvöldverður

**Laugardagur 23. febrúar 2013**

## **Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur (fyrri hluti)**

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

### **Tillögur Fjárhagsnefndar:**

Fyrir hönd Fjárhagsnefndar mælti Halla Halldórsdóttir.

#### **Þingskjal 2013-06 Fjárhagsáætlun 2013 og 2014**

Fjárhagsáætlun 2013

Þingskjalið tekur breytingum í samræmi við breytingar á samþykktri tillögu í þingskjali 2013-07 og lækka þá tekjur um rúml. 600þús. þar sem hækkunir á þjónustugjöldum hefur verið frestað.

Engin tekur til máls varðandi fjárhagsáætlun 2013.

*Samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.*

Fjárhagsáætlun 2014

Engin breyting.

Karl Pálmason spyr varðandi auglýsingatekjur af hverju þær séu 0 kr. bæði árin. Hörður segir að þeim hafi ekki tekist að selja mótin en það sé eina leiðin til að selja auglýsingar en það hafi ekki gengið hingað til og samningar sem voru í gangi séu útrunnir. Verið er þó að vinna að hugmyndum um að reyna að selja auglýsingar á mótum. Karl spyr hvort sú hugmynd hefði verið viðruð að hafa mann á prósentum við að selja auglýsingar, Hörður sagði að í gær hefði sá 11 sagt nei við hefðum ekki nægjanlega söluvæna vöru.

*Samþykkt samhljóða*

#### **Þingskjal 2013-07 um þjónustugjöld**

Lagt til að hækkunum verði frestað fram að næsta sundári þar sem félög eru búin að gefa út gjaldskrá.

Bjarni Már Svavarsson tekur til máls, tók saman hvað þessar breytingar þýða fyrir Grindavík og er það hækkun úr rúmlega 100þús í c.a.170 þús. Segir að verði þetta raunin fari menn að hætta að skrá alla iðkendur í Felix og skrái bara keppendur.

Halla tekur til máls og segir að það hafi orðið miklar umræður um þetta í gær. Segir að dregið hafi verið úr hækkunum hjá nefndinni frá upprunalegri tillögu.

Sigurbjörg Róbertsdóttir tekur til máls, segir þetta auðvitað hækkun en segir jafnframt að það skipti miklu máli að hækkun taki gildi frá næsta sundári en ekki afturvirktil til byrjun yfirstandandi sundárs. Segir jafnframt að það þurfi að huga að því hvernig hægt sé að ná inn peningum í sambandið.

Þingskjal borið undir atkvæðagreiðslu með breytingum nefndarinnar.

*Samþykkt með þorra atkvæða gegn fimm.*

#### **Þingskjal 2013-15 hagræðing í rekstri**

Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt en telur að hún sé í raun ekkert annað en áminning um að vera alltaf á tánum í rekstri Sundsambands Íslands.

Fjárhagsnefnd ber fullt traust til Sundsambandsins til að ráðstafa tekjum eins og heimildir ná til og afla nýrra tekna eins og kostur er.

*Samþykkt samhljóða*

## **Kosningar í stjórn SSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga**

Klukkan 11:00 var gert hlé á afgreiðslu þingskjala og gengið til kosninga í stjórn SSÍ. Laus voru 6 sæti í aðalstjórn og 2 sæti í varastjórn.

Tillaga um formann er að Hörður J. Oddfríðarson verði áfram formaður sambandsins. Engin mótframboð og er hann því réttkjörinn formaður.

Tillaga um að Málfríður Sigurhansdóttir verði kjörin til tveggja ára í stað Heimis Arnar Sveinssonar.

Tillögur um að Hlín Ástþórsdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir, Ólafur Baldursson, Ragnar Marteinson verði kjörin til 4 ára. Engin mótframboð og skoðast þau því réttkjörin.

Lagt var til að varamenn til 2 ára yrðu Jónas Tryggvason og Ingibjörg Kristinsdóttir, engin mótframboð bárust og skoðast þau því réttkjörin.

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Júlíus Guðnason og Bjarney Snævarsdóttir. Engin mótframboð bárust og skoðast þau því réttkjörin.

Sitjandi í stjórn tímabilið 2011-2015 eru þau Ingi Þór Ágústsson, Jón Oddur Sigurðsson og Karen Malmquist.

### **Stjórn SSÍ 2013 - 2015**

#### **Formaður SSÍ – kjörtími 2013 til 2017**

Hörður J. Oddfríðarson ÍBR

#### **Stjórn SSÍ – kjörtími 2013 til 2017**

Hlín Ástþórsdóttir ÍBH  
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR  
Ólafur Baldursson ÍBA  
Ragnar Marteinson ÍBR

#### **Sitjandi í stjórn SSÍ – kjörtími 2011 til 2015**

Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR (2013 – 2015)  
Ingi Þór Ágústsson ÍBR  
Jón Oddur Sigurðsson ÍBR  
Karen Malmquist ÍBA

#### **Varamenn í stjórn SSÍ – kjörtími til 2015:**

Ingibjörg Kristinsdóttir ÍBR  
Jónas Tryggvason ÍBR

#### **Skoðunarmenn reikninga – kjörtími til 2015:**

Júlíus V Guðnason ÍA  
Bjarney S Snævarsdóttir ÍRB

# Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur (seinni hluti)

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

## **Tillögur Allsherjarnefndar:**

Fyrir hönd Allsherjarnefndar mælti. Jón Hjaltason  
Jón segir að nefndin hafi átt yndislega stund þar sem allir voru sammála alltaf en þó góðar umræður í gangi.

## **Þingskjal 2013-08 a og b Stefna og Afreksstefna SSÍ**

Lagt til að verði samþykkt óbreytt.

*Samþykkt samhljóða*

## **Þingskjal 2013-09 Handbók SSÍ 2011**

Lagt til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Hörður tekur til máls. Segist vita að í þeim hóp sem hér er samankomin mikil þekking og segir að ef svona handbók á að virka og vera lifandi þá þurfi stjórnin líka að fá inn tillögur. Tillaga aðallega lögð fram til að fá fram hvort við viljum að svona plagg sé til og sýnilegt fyrir alla.

Sigurbjörg Róbertsdóttir hefur eina athugasemd varðandi farastjóra í ferðum erlendis finnst að það eigi að vera landsliðsnefnd í samráði við landsliðsþjálfara en ekki öfugt.

*Samþykkt samhljóða*

## **Þingskjal 2013-12 siðareglur**

Tillaga borin upp til samþykktar óbreytt.

*Samþykkt samhljóða*

## **Þingskjal 2013-13 lífsbjörg**

Hörður tekur til máls. Segir þetta ekki eiga að hafa árif á kostnað sambandsins ef þetta kalli á útgjöld þurfi að koma inn tekjur á móti varðandi þetta verkefni. Á sem sagt ekki að verða baggi á sambandinu og auka útgjöld hennar.

Tillaga borin upp til samþykta óbreytt.

*Samþykkt samhljóða*

## **Þingskjal 2013-14 heimasíða**

Tillaga um að draga þessa tillögu til baka.

*Samþykkt samhljóða*

## **Þingskjal 2013-18 hugmyndabanki**

Nefndin leggur til að skjalið verði samþykkt óbreytt en þingforsetum finnst eðlilegt að þessu skjali verði vísað til stjórnar til nánari útfærslu. En tillagan ber það í sér að svo verði.

Sigurbjörg Róbertsdóttir tekur til máls. Hún leggur til að bætt verði inn í tillöguna að haft verði samráð við félögin ekki bara þjálfarana. Hörður tekur undir með Sigurbjörgu en bendir á að í tillögunni standi að kynna beri niðurstöður á formannafundum.

Sigurbjörg telur að samráð og kynning sé ekki sami hluturinn og vill koma með breytingartillögu. Þingforseti biður hana að skrifa tillöguna niður og koma með hana. Magnús Tryggvason tekur til máls og segist halda að samráð milli félaga og þjálfara sé alveg í gangi og segir ekki mikið mál að tala saman oft þurfi bara eitt símtal.

Breytingartillagan hljómar upp á að .....hafa samráð við **félögin og** starfandi þjálfara.....

Halla Halldórsdóttir tekur til máls og segir að félögin hljóti að geta sett umboð sitt til þjálfaranna og þar með þurfi ekki að bæta þessu við.

Gunnar Valur Jónsson tekur til máls og segir að félögin eigi alveg að geta lagt traust sitt á þjálfaranna.

Breytingartillaga borin upp til samþykktar og hún samþykkt með 27 atkvæðum gegn 12. Breytingartillagan því samþykkt.

Þá er tillagan með áorðnum breytingum borin upp til samþykktar og hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **Tillögur Mótanefndar:**

Fyrir hönd Mótanefndar mælti Sigurbjörg Róbertsdóttir

#### **Þingskjal nr. 2013-10 Atburðadagatal SSÍ**

Mótanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Uppfært Atburðadagatal er birt á heimasíðu SSÍ.

*Samþykkt samhljóða*

#### **Þingskjal nr. 2013-11 aldursskipting**

Mótanefnd leggur til að tillagan verði felld.

Hörður tekur til máls. Segir að nefndir séu settar til að taka umræðuna og hann segist ábyrgur fyrir tillöguflutningnum. Segir tillöguna tilkomna vegna umræðu sem heyrst hefur í hreyfingunni varðandi SSÍ mót. Karl vill opna umræðuna á ný þar sem misvísandi skilaboð hafi borist til nefndarinnar í gær. Enginn kveður sér hljóðs.

*Samþykkt samhljóða að fella tillöguna*

#### **Þingskjal nr. 2013-16 byrting lágmörk**

Mótanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Hörður tekur til máls og segir að sér finnist tillagan góð en segir að það kalli líka á gott samstarf og að félögin skili tímanlega inn öllum hugmyndum um mót svo hægt sé að fara eftir þessu.

Ingi Þór Ágústsson tekur til máls. Hann situr í landsliðsnefnd og segir að það sem þau vilji í nefndinni sé að þessi lágmörk verði kláruð í lok sundárs t.d. á UMÍ og verði hægt að vísa til stjórnar þá og því klárt í upphafi næsta sundárs. Segir að öll lágmörk séu unnin út frá ÓL lágmörkum en það sé þeirra aðal vinnuþagg. En þau sem eru í landsliðsnefnd eru búin að vera að skoða lágmörk og árangur undanfarinna ára og segir að við þurfum líka að skoða hvort eitthvað sé að hjá okkur. Hann segist styðja tillöguna og vill að þetta sé klárað á UMÍ.

Tillagan borin upp til samþykktar.

*Samþykkt samhljóða*

### **Pingskjal nr. 2013- 17 AMÍ UMÍ**

Mótanefnd leggur til að tillagan verði felld en verði endurskoðað að loknu AMÍ og staðan metin.

Pingforseti spyr hvort þingið vilji ræða þetta eða hvort þingið vilji líta svo á að hún hafi ekki skilað sér úr nefnd.

Hörður tekur til máls og leggur til að tillagan verði felld og það verði tekin umræða að loknu AMÍ og UMÍ um hvort framhald verði á.

Sigmar spyr hvort fólk hafi gert sér grein fyrir því hversu margir þátttakendur verði á þessu móti. Það hafi t.d. ekki náðst í fullan riðil í bringusundi karla á ÍM25.

Engin æskir þess að tillagan verði sett á dagskrá og því lögð til hliðar og litið á að hún hafi ekki skilað sér úr nefnd.

### **Pingskjal nr. 2013-19 Ný tillaga um gegnsæjar vinnureglur**

Mótanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

*Samþykkt samhljóða*

## **Önnur mál**

**Pingforseti** gaf orðið laust.

Hörður tekur til máls og þakkar stuðninginn við sig og heitir því að gera sitt besta næstu 4 ár til að efla hag hreyfingarinnar.

Þakkar öllum sem hafa lagt hönd á plóginn við vinnu fyrir sundsambandið undanfarin ár. Sérstakar þakkir til Bjarneyjar sem hefur starfað sem gjaldkeri sambandsins undanfarin 5 ár. Bíður einnig nýja stjórnarmeðlimi velkomna.

Guðmundur Rafn Bjarnason tekur til máls. Þakkar stjórn sambandsins fyrir að leyfa SH að sjá um þetta þing. Kemur inn á það að félögin þurfi að standa saman og vinna saman að málefnum skjólstæðinga sinna sem eru sundmennirnir og ekki vera í innbyrðis stríði á milli þinga. heldur nái að leysa málin sín á milli og vinna eftir því sem samþykkt er á þingum. Kemur einnig inn á gjöld garpa sem fengu mikla umræðu í mótanefnd í gær þar sem ekki allir voru sammála um hversu mikið þeir ættu að vera að greiða í mótagjöld og fleira. Hann segir að á móti komi að þetta fólk skili mikilli vinnu til félaganna á móti og það sé ekki um svo mikla fjármuni að ræða hvort eð er.

Magnús Tryggvason tekur til máls og óskar öllum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Hann bendir á að nú sé verið að hefja undirbúningsvinnu fyrir næstu ólympíuleika og við þurfum því að fara í naflaskoðun núna eftir nýafstaðna ólympíuleika til að fara yfir hver niðurstaðan var. Hvað var gott, hvað er hægt að bæta og hvernig ætlum við að fara að því. Segir að til að komast lengra þurfum við að skoða þessa hluti. Hann segir t.d. æskilegt og óskandi að hægt verði að fara í eina æfinga/keppnisferð til Brasilíu til að sjá hvernig það er að fara í svona langt ferðalag og fleira í tengslum við það.

Bjarney S. Snævarsdóttir tekur til máls og þakkar fyrir sig og samstarfsaðilum í stjórn fyrir samvinnuna undanfarin ár og óskar stjórninni þess að þau vinni saman sem heild.

Jónas Tryggvason tekur til máls en hann hefur verið að vinna fyrir SSÍ sem áhugamaður um dýfingar en hann hefur mikinn áhuga á því að koma því á hér. Fagnar því þó að keypt voru ný bretti í tilefni að IGLA leikunum sem haldnir voru hér 2012 og í tengslum við það voru einnig haldin dómaraámskeið í dýfingum.

Kynnir einnig að þriðjudaginn 5. mars verði kynning á dýfingum í þættinum 360°

Hörður tekur til máls og kynnir að samningur við Speedo er nú í höfn en hann er til fjögurra ára eða fram yfir ÓL í Ríó.

Talar um hvernig raða eigi félagsmótum inn á atburðadagatal. Talar um að kannski þurfum við að fara að skipta þeim upp í styrkleikaflokka svo ekki verði eins mikil bið á mótum fyrir þá sem t.d. koma til að horfa á. Bendir á að nú höfum við tíma fram í maí að hugsa þetta hvort við viljum fara að koma okkur upp einhverjum vinnureglum varðandi þetta.

Talar um UMÍ þar sem rætt hefur verið hvort það verði margir keppendur á því móti eða hvort það verði of fátt þar. Segir að ef við herðum á viðmiðum og lágörkum þá taki ekki langan tíma að ná þeim dampi sem við höfðum áður. Segist hafa heyrt það frá félögnum að það megi ekki gefa eftir varðandi lágörk því ef gefið verði eftir þar þá gefi sundfólkið eftir líka. Þannig að með því að herða lágörk leggi sundmenn sig meira fram.

Talar einnig um fjáraflanir og það að samkvæmt ÍSÍ séum við í 11.-12. sæti varðandi stærð íþróttagreinar. Hann telur það kolranga mynd og telur að þjónustugjöld geri það að verkum að félög séu ekki að skrá alla iðkendur.

Segir einnig að sundsambandið geti ekki unnið alla vinnuna sjálf og verði því að hafa hreyfinguna á bak við sig þegar vinna þarf stærri verkefni.

Viktoría Gísladóttir tekur til máls og segir að huga þurfi að því að manna þurfi öll þessi mót sem á að halda og spyr hvað getum við gert til að manna þessi mót. Við erum alltaf í vandræðum með mannskap eins og sést hefur á undanförunum mótum, spyr hvort við sjáum fyrir okkur að geta mannað þetta allt.

Ingi Þór Ágústsson tekur til máls vill ræða fjárhag sambandsins og félaganna. Segist t.d. hafa farið á fund með Íslandsbanka til að reyna að fá styrk og var þá spurður að því hvað eruð þið að selja? Hann segir þetta algerlega óskilgreint af okkur. Hann segir okkur þurfa að vera meira „professional“ varðandi uppsetningar á sundmótum með tilliti til þess hvar hægt er að hafa myndavélar, hvernig og hvar er starfsfólk mótsins á bakkanum, hvar er verðlaunaafhending o.svo framv. Hann hefur því verið að vinna í því undanfarið að teikna upp laugar landsins með tilliti til þess að geta sagt hvað við erum að selja og hvar við getum haft auglýsingar. Hann segir sambandið líka oft í vandræðum með að finna fararstjóra í verkefni og segir að það væri gott ef félögin gætu tekið saman einhvern lista innan sinna raða um hverjir eru tilbúnir til að taka að sér fararstjórn í ferðum erlendis. Talar einnig um að við þurfum líka að halda betur utan um þjálfarana okkar og boða unga þjálfara í æfingabúðirnar okkar og efla þau í starfi. Segir að við þurfum að reyna að nýta okkur það að núna eru margir mjög hæfir erlendir þjálfarar sem við þurfum að reyna að nýta og fá þá til að miðla af þekkingu sinni til þeirra sem yngri eru.

Forseti þingsins segir að Ingi Þór hafi spurt hvað við hefðum að selja og segir að okkur vanti að hampa okkar afreksfólki miklu meira. Við séum miklu feimnari við það hér en erlendis að hampa þeim sem eru að standa sig og skara fram úr. Hann vill meina að þetta getum við selt, þ.e. að hafa þetta fólk til staðar þegar eitthvað eru um að vera. Segir listamenn ekki hika við þetta en við erum feimin við þetta varðandi afreksfólkið okkar. Magnús Kár segir að til þess að hægt sé að hampa þeim þurfi að koma upplýsingum um þá til fjölmiðla.

Hörður tekur til máls og vekur athygli á frétt þar sem Katrín Jakobsdóttir talar um að vilji sé til þess að styrkja afreksfólk frekar í framtíðinni. En í Fréttablaðinu 23.02 er grein varðandi þetta þar sem hún útilokar ekki að útbúið verði einhverskonar launakerfi fyrir afreksfólk.

Fleiri hafa ekki óskað að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

## Samþykktir 60. Sundþings 2013

### Pingskjal 2013-06 með breytingum

#### Fjárhagsáætlun SSÍ 2014 og áætlun 2013

TEKJUR:	2014	2013
Framlög + styrkir alls	21.060.000	21.060.000
Tekjur af mótum alls	8.250.000	7.700.000
Aðrar tekjur alls	11.015.000	13.400.000
<b>TEKJUR ALLS:</b>	<b>40.325.000</b>	<b>42.160.000</b>

#### Fjárhagsáætlun SSÍ 2014 og áætlun 2013

Laun og verktakagr alls	10.068.000	9.571.000
Áhöld og tæki alls	1.484.000	1.484.000
Undirbúningur landsliða alls	5.260.000	5.260.000
Mótakostn erlendis alls	14.965.000	18.320.000
Kostn v/mótahalds alls	1.075.000	1.275.000
Rekstur mannvirkja alls	380.000	380.000
Rekstur skrifstofu alls	2.318.000	2.953.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.600.000	1.750.000
Önnur gjöld alls	120.000	120.000
Annar kostnaður alls	920.000	920.000
<b>REKSTRARGÖLD ALLS:</b>	<b>38.190.000</b>	<b>42.033.000</b>
<b>TAP / HAGNAÐUR</b>	<b>2.135.000</b>	<b>127.000</b>

### Pingskjal 2013-07 með breytingum fjárhagsnefndar

60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013 samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2013 og 2014 verði með eftirfarandi hætti:

- 1) Gjöld almennra sundiðkennda í félögum
  - a. Einstaklingsgjald sundiðkennda kr. 2.500. Frá 1. júlí 2013
  - b. Mótagjald (SSÍ mót) sundiðkennda kr. 5.500. Frá 1. júlí 2013.
  - c. Almenn mótagjald leggst af.
  - d. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.
  - e. Gjöldin hækka hækka 1. janúar 2014 einstaklingsgjald samkvæmt lið 1.a í 2.700 kr. og mótagjald samkvæmt lið 1.b fari í 5.900 kr. Þann 1. janúar 2015 hækkar einstaklingsgjald í 2.800 kr. og mótagjald hækkar í 6.000 kr.



- 2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC
  - a. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 2.500. fylgir hækkunum á einstaklingsgjaldi almennra sundiðkenda sbr. liður 1.a.
  - b. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.500. (allt að 3 greinar).
  - c. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0.
  - d. Ekkert gjald er innheimt vegna þátttöku í boðsundsgrein að því tilskyldu að viðkomandi einstaklingar hafi tekið þátt í amk einni einstaklingsgrein hver.
  - e. Hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 2.500,00.
  - f. Öll gjöldin skulu vera greidd amk þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
  - g. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.
- 3) Gjöld vegna Víðavatnssunds
  - a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða upphæð og innheimtu gjalda vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi.
- 4) Gjöld vegna annarra Sundíþrótta
  - a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþrótta skapist aðstæður til slíks.

### **Pingskjal 2013-15**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013** samþykkir að fela stjórn SSÍ að leita allra mögulegra leiða við að hagræða í rekstri Sundsambands Íslands, í þeim tilgangi að auka getu SSÍ til að styrkja sundfólk í landsliðsverkefnum.

### **Pingskjal 2013-08a**

## **STEFNA SSÍ**

### **HORFT TIL FRAMTÍÐAR**

### **MARKMIÐ OG LEIÐIR**

#### **FORMÁLI**

Að stunda sundíþróttir til keppni er mjög agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar og síðast en ekki síst ákvörðunar um að leggja sig fram og ná árangri. Þeir sem stunda sundíþróttir til keppni þurfa einnig á góðum og staðföstum stuðningi að halda.

Svo eru þeir sem stunda sundíþróttir sér til ánægju og yndisauka. Það er ekki síður lífstíll sem er til eftirbreytni. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir SSÍ að setja sér stefnu í öllum sundíþróttum og sérstaklega iðkun almennings.

Það er gert hér í þessu litla hefti. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

Það er von stjórnar SSÍ að þessi framtíðarsýn geti orðið áttaviti sundhreyfingarinnar til frekari útbreiðslu og afreka en minnir jafnframt á að texti í þessum dúr á að vera lifandi og breytilegur í raunverulegri framkvæmd.

Með kveðju

## INNGANGUR

SUNDSAMBAND ÍSLANDS er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/-deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum og iðkunar almennings.

Starfssemi SSÍ tekur til allra sundíþrótta þó keppnissund sé enn öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir, til keppni eða heilsubótar, geri það sér til heilbrigðis og ánægju.

Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþrótta- og sundþinga.

### ***Framtíðarsýn***

SSÍ eflir áhuga á sundi, skapar starfssemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og fagmennsku. SSÍ kemur fram sem málsvari sundíþrótta og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

SSÍ eflir sundíþróttaíðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings. Sundíþróttanefnd SSÍ hefur málefni almenningsunds á sinni könnu en eðli málsins samkvæmt skarast það starf við allt starf SSÍ.

Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomid að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

### ***Mannvirki og önnur aðstaða***

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.

SSÍ vinnur að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjóðarleikvangur í sundi, Sundmiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið.

### ***Jafnrétti og siðferði***

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið í gildi um hríð auk almennra aga- og siðaviðmiða íþróttahreyfingarinnar.

### ***Forvarnir***

Heilbrigður og ábyrgur lífsstíll er hluti af iðkun íþrótta. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands í því sambandi.

## **Verkefni**

SSÍ útfærir stefnu fyrir allar sundíþróttir, frá ungbarnasundi og sundkennslu að skólasundi og grunnþjálfun sundmanna, þjálfun aldursflokka, mótahaldi og skipulagi landsliða SSÍ. SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og sveitarfélög til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði. Um leið sækir SSÍ stuðning til almennings. Fólk á öllum aldri hefur ávinning af því að stunda sund til heilbrigðis og ánægju alla ævi og styður með því við uppbyggingu fyrir keppni.

SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþrótta innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.

Heimasíða sambandsins <http://www.sundsamband.is> er tæki til að ná til almennings. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttafréttamanna jafnóðum og þær verða til.

SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþrótta en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum FINA.

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.

Stjórn SSÍ kynnir reglur FINA og breytingar á þeim.

## **Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald**

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnnum NSF, LEN og FINA og tekur við formennsku í NSF árið 2014. SSÍ á fulltrúa í sundtækninefnd LEN og garpanefnd LEN hefur gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir LEN og FINA og sækist eftir fleiri sætum í nefndum LEN og FINA.

SSÍ mun sækja um að halda EMU og EM 25 fyrir árið 2020.

## **UPPBYGGING SUNDÍÞRÓTTA Á ÍSLANDI**

### **Skólasund**

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. SSÍ stefnir að því að á hverju ári séu haldin grunnskólamót og framhaldsskólamót í sundi í samstarfi við sund/íþróttakennara á Íslandi. Mikilvægt er að slíkt mót verði fastur liður í starfi skóla auk þess sem við það myndast tækifæri til að kynna aðrar greinar sundíþrótta í skólum landsins. Forgangsverkefni næstu þriggja ára er að kynna sundknattleik í skólum landsins.

### **Garpasund**

SSÍ stuðlar að því að garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Garpanefnd er starfrækt innan SSÍ sem fer með málefni garpa og vinnur að þeirra málum í samstarfi við stjórn SSÍ. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almenningur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

### **Sundknattleikur**

Sundfélög og deildir landsins þurfa að fá fræðslu og aðstoð við að byggja upp sundknattleik innan sinna raða. SSÍ mun hafa forgöngu um samstarf við önnur

sérsambönd innan ÍSÍ til dæmis Handknattleikssamband Íslands. Slík samvinna þarf að vera markviss. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem stunda þessa íþrótt nú þegar komi að þessu starfi með virkum hætti. SSÍ hefur unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað fyrir þessa grein og nú er til færanleg stigatafla og einnig eru tæki til keppnishalds til staðar í stærri laugum landsins.

### ***Víðavatnssund***

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun ætti að vera skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ. Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í víðavatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víðavatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugsað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verða okkur skadleg. Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn. Sérstök nefnd er nú starfandi innan SSÍ og gerir áætlanir um keppni innanlands sem utan.

### ***Dýfingar og sundfimi***

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands og Frjálsíþróttasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Nú þegar hefur aðstaða til dýfinga batnað í Reykjavík með nýjum stökkbrettum, en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að í tengslum við uppbyggingu Sundíþróttamiðstöðvar Íslands verði gert ráð fyrir dýfingum, sundfimi og sundknattleik.

Sundiþróttanefnd SSÍ hefur málefni dýfinga og sundfimi á sinni könnu. Þá kynnir nefndin greinarnar ásamt reglum FINA fyrir sundfélögum þannig að þær geti orðið hluti af æfingaáætlunum sundfélaga.

## ***SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF***

### **Sundkeppni**

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi. SSÍ vinnur að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á afrekssundfólki.

### **Afreksstefna SSÍ**

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

## Markmið/viðmið

**Sundsamband Íslands** setur landsliðshópum markmið og viðmið. Líta ber til vilja sundþings og niðurstöðu samráðs þjálfara þegar markmið og viðmið eru endurskoðuð. Í þessu felst að gera þarf kröfur á sundfólkið, meiri kröfur og staðfastari en nú. Sundfólkið á að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu.

Ýmsir í sundhreyfingunni telja að meðalmennska í kröfum til sundfólks hafi verið of ríkjandi á Íslandi mörg undanfarin ár. Það þurfi að leita leiða til að hvetja sundfólkið okkar áfram. Sundhreyfingin er ennþá að fagna góðum árangri hér heima án þess að það hafi skilað okkur áleiðis á alþjóðlegum mælikvarða.

Margar leiðir hafa verið viðraðar, eins og að setja erfiðari lágmark, breyta viðhorfum, vera óspar á hrós við þá sem það eiga, gera athugasemdir við slakan árangur og láta vita ef árangur er fullnægjandi. Það þarf að skilgreina árangur og skýra. Allt þetta er gerlegt, en tekur tíma. Við þurfum því að taka ákvörðun um hvert við stefnum og halda stefnunni.

Við þurfum að setja okkur mörk og ákveða hvað okkur finnst ásættanlegt. Við þurfum einnig að gæta þess að við séum öll upplýst um markmiðin og hvaða leið við ætlum að feta. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og hvetjandi þannig að sundfólkið fái vissu að þau náist.

Í áætlun þarf að vera ljóst hvaða árangri er hægt að ná á hverju ári. Ef gerðar eru raunhæfar kröfur til sundfólksins mun það bregðast við með því að ná góðum árangri.

Markmið í alþjóðlegri keppni á að vera að minnsta kosti betri tími en besti tími sundmannsins var fyrir keppni. Landsliðsþjálfari ásamt landsliðsnefnd SSÍ hafa umsjón með markmiðssetningunni og annað fagfólk, svo sem félagsþjálfarar vinna með í því og hvetja sundfólkið áfram. Virkt samráð við sundþjálfara og annað fagfólk í hreyfingunni er hluti af undirbúningi hvers sundárs.

Samningar við sundfólkið eru mjög mikilvægir þar sem væntanlegum árangri er lýst. Þannig verður sundfólkið meðvitaðra um eigin ábyrgð gagnvart íþróttinni.

Félagsþjálfarinn heldur utan um undirbúning einstaklinga fyrir landsliðsverkefni í samráði við landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd SSÍ. Þessir aðilar kalla til annað fagfólk við uppbyggingu sundfólksins. Fjölskylda, sundfélag, þjálfarar, landsliðsþjálfari, SSÍ og ÍSÍ skapa umhverfi afreksfólksins og gæta þess að það sé í jafnvægi.

## Mælanleg markmið til 2024

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmark á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á

viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Gera á samning við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína. Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

### **Skilgreining afreka í sundi**

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

### **Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku**

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afreksundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

### **Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu**

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- a) Sundmiðstöð Íslands hefur verið sett á laggirnar.
  - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- b) Landsliðsþjálfari/landsliðseinveldur hefur verið ráðinn.
  - Landsliðsþjálfari setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félög í samráði við landsliðsnefnd.
  - Landsliðsþjálfari aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.
- c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar verður skilgreind á ný.
  - Stjórn SSÍ, landsliðsnefnd SSÍ og landsliðsþjálfari munu endurskilgreina hlutverk landsliðsnefndar.

- d) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- e) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- f) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- g) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afrekssólks og afreksefna í sundi
- h) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- j) Sett verða skýr mælanleg markmið td um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

### **Pingskjal 2013-08b**

#### **60. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 22. og 23. febrúar 2013**

samþykkir fyrirbyggjandi Afrekisstefnu SSÍ. Jafnframt felur þingið stjórn, landsliðsnefnd landsliðsþjálfara að uppfæra stefnuna í samræmi við hugmyndir sem fram koma í þingskjali 2013-18. Skulu þessir aðilar hafa samráð við starfandi þjálfara í landinu og kynna uppfærða stefnu á formannafundum SSÍ. Þessir aðilar þurfa jafnframt að gæta þess að stefna SSÍ og fjárhagsleg geta sambandsins séu í samræmi.

#### **Afrekstefna SSÍ**

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afrekssólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afrekstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afrekssólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

#### **Markmið/viðmið**

**Sundsamband Íslands** setur landsliðshópum markmið og viðmið. Líta ber til vilja sundþings og niðurstöðu samráðs þjálfara þegar markmið og viðmið eru endurskoðuð. Í þessu felst að gera þarf kröfur á sundfólkið, meiri kröfur og staðfastari en nú. Sundfólkið á að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu.

Ýmsir í sundhreyfingunni telja að meðalmennska í kröfum til sundfólks hafi verið of ríkjandi á Íslandi mörg undanfarin ár. Það þurfi að leita leiða til að hvetja sundfólkið okkar áfram. Sundhreyfingin er ennþá að fagna góðum árangri hér heima án þess að það hafi skilað okkur áleiðis á alþjóðlegum mælikvarða.

Margar leiðir hafa verið viðraðar, eins og að setja erfiðari lágmark, breyta viðhorfum, vera óspar á hrós við þá sem það eiga, gera athugasemdir við slakan árangur og láta vita ef árangur er fullnægjandi. Það þarf að skilgreina árangur og skýra. Allt þetta er gerlegt, en tekur tíma. Við þurfum því að taka ákvörðun um hvert við stefnum og halda stefnunni.

Við þurfum að setja okkur mörk og ákveða hvað okkur finnst ásættanlegt. Við þurfum einnig að gæta þess að við séum öll upplýst um markmiðin og hvaða leið við ætlum að feta. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og hvetjandi þannig að sundfólkið fái vissu að þau náist.

Í áætlun þarf að vera ljóst hvaða árangri er hægt að ná á hverju ári. Ef gerðar eru raunhæfar kröfur til sundfólksins mun það bregðast við með því að ná góðum árangri.

Markmið í alþjóðlegri keppni á að vera að minnsta kosti betri tími en bestí tími sundmannsins var fyrir keppni. Landsliðsþjálfari ásamt landsliðsnefnd SSÍ hafa umsjón með markmiðssetningunni og annað fagfólk, svo sem félagsþjálfarar vinna með í því og hvetja sundfólkið áfram. Virkt samráð við sundþjálfara og annað fagfólk í hreyfingunni er hluti af undirbúningi hvers sundárs.

Samningar við sundfólkið eru mjög mikilvægir þar sem væntanlegum árangri er lýst. Þannig verður sundfólkið meðvitaðra um eigin ábyrgð gagnvart íþróttinni.

Félagsþjálfarinn heldur utan um undirbúning einstaklinga fyrir landsliðsverkefni í samráði við landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd SSÍ. Þessir aðilar kalla til annað fagfólk við uppbyggingu sundfólksins. Fjölskylda, sundfélag, þjálfarar, landsliðsþjálfari, SSÍ og ÍSÍ skapa umhverfi afreksfólksins og gæta þess að það sé í jafnvægi.

#### **Mælanleg markmið til 2024**

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmark á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Gera á samning við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína. Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.



### **Skilgreining afreka í sundi**

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

### **Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku**

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

### **Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu**

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- k) Sundmiðstöð Íslands hefur verið sett á laggirnar.
  - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- l) Landsliðsþjálfari/landsliðseinvaldur hefur verið ráðinn.
  - Landsliðsþjálfari setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félög í samráði við landsliðsnefnd.
  - Landsliðsþjálfari aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.
- m) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar verður skilgreind á ný.
  - Stjórn SSÍ, landsliðsnefnd SSÍ og landsliðsþjálfari munu endurskilgreina hlutverk landsliðsnefndar.
- n) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- o) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- p) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- q) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afreksfólks og afreksefna í sundi
- r) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- s) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- t) Sett verða skýr mælanleg markmið td um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

## **Pingskjal 2013-09**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
staðfestir meðfylgjandi Handbók SSÍ og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda, í samræmi við aðrar samþykktir Sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþrótta á Íslandi.

### ***Greinargerð***

Handbók SSÍ hefur verið lögð fram til kynningar og staðfestingar á undanförunum sundþingum. Handbókin er lifandi skjal þar sem tekið er á ýmsum formlegum og óformlegum atriðum í starfi SSÍ. Í útgáfum fram að þessu hefur megináherslan verið lögð á keppnissund og landsliðsstarf, en nauðsynlegt er að bæta við fleiri köflum til að ná yfir starfssemi SSÍ í heild.

Handbókin hefur verið aðgengileg á heimasíðu SSÍ og verður það áfram. Hún hefur einnig verið send forsvarsfólki félaga bæði til upplýsingar en ekki síður til að kalla eftir athugasemdum. Það er skemmst frá því að segja að athugasemdir hafa ekki komið fram

## **Pingskjal 2013-12**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
samþykkir að meðfylgjandi viðmið og siðareglur sem ÍSÍ hefur sett saman og kynnt á Íþróttáþingi 2011 verði teknar upp fyrir sundhreyfinguna og gildi til jafns við gildandi Aga- og siðareglur SSÍ, reglur um fyrirmyndarhlutverk sundfólks, ferðareglur SSÍ og ÍSÍ og reglur IOC, FINA, LEN og WADA um auglýsinga og lyfjamál

### **Gildandi Aga- og siðareglur Sundsambands Íslands**

#### ***Markmið:***

Aga- og siðareglum SSÍ er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir alla þá sem starfa undir merkjum sundhreyfingar á Íslandi. Reglunum er ætlað að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu sundiðkenda og starfsmanna SSÍ. Reglunum er jafnframt ætlað að verða leiðbeinandi fyrir aga- og siðanefnd SSÍ og grundvöllur fyrir sanngjörn viðurlög við brotum gegn reglunum og við brotum gegn almennum velsæmisviðmiðunum í starfi undir merkjum sundhreyfingarinnar.

#### ***Gildissvið:***

Reglur þessar skulu fyrst og fremst taka til þeirra þátta sem ekki er tekið á í agaviðurlögum og reglum ÍSÍ og viðurlög skulu á sama hátt eiga við þar sem um sértæk mál sundhreyfingarinnar er að ræða.

#### ***Siðareglur:***

##### **1. grein**

Í störfum stjórnar og nefnda SSÍ, við þjálfun og farastjórn og undir merkjum sundhreyfingarinnar almennt ber öllum að kappkosta heiðarleika og drengilega framkomu.

##### **2. grein**

Öllum þeim er starfa í umboði SSÍ ber að hafa jákvæðar samskiptavenjur í heiðri í hvívetna.

##### **3. grein**

Sundsambandi Íslands er ljóst að mikill vandi snýst um notkun margvíslegra lyfja og ólöglegra efna í sambandi við þjálfun og keppni. SSÍ mun berjast gegn þeirri vá af alefli og gerir þá kröfu til allra sem undir merkjum þess starfa.

##### **4. grein**

Starfsmönnum, þjálfurum og fararstjórum sem og kjörnum forsvarsmönnum SSÍ er með öllu óheimilt að hvetja til eða aðstoða við neyslu fíknis- og vímuefna, ólöglegra eða hættulegra efna að viðlagðri refsingu sem getur leitt til varanlegrar útilokunar frá störfum fyrir SSÍ.

#### **5. grein**

Þjálfurum og fararstjórum er skylt að framfylgja reglum um bann við tóbaksnotkun og neyslu áfengis og annarra vímuefna í verkefnum og á ferðalögum á vegum SSÍ.

#### **6. grein**

SSÍ telur að hvers konar ofbeldi, kynferðisleg misnotkun og einelti sé ólíðandi og jafnframt alvarlegt vandamál sem ber að berjast gegn með öllum tiltækum ráðum. Í því skyni skulu allir þeir sem koma fram undir merkjum SSÍ taka ábyrga afstöðu gegn slíku í störfum sínum.

#### **7. grein**

Þjálfurum, fararstjórum og starfsmönnum á vegum SSÍ og öðrum þeim sem starfa innan vébanda SSÍ er óheimilt að stofna til kynferðissambands af nokkru tagi við sundmenn undir þeirra lögsögu eða aðra þá sem eiga að njóta verndar SSÍ á ferðalögum og í þjálfun og keppni á vegum SSÍ og starfsnefnda sambandsins.

#### **8. grein**

Starfsmönnum SSÍ og kjörnum fulltrúum ber í öllum tilvikum að tilkynna lögmætum yfirvöldum um kynferðisbrot sem kunna að varða við lög.

#### **9. grein**

Áreitni, einelti og annað ofbeldi af hálfu starfsmanna og trúnaðarmanna SSÍ skal sæta refsingum sem geta leitt til útilokunar frá starfi innan vébanda SSÍ.

#### **10. grein**

SSÍ er ljóst að hagsmunaárekstrar geta komið upp í störfum fyrir sundhreyfinguna og við slíku ber að bregðast með formlegum hætti. Þannig ber að skipuleggja störf á vegum SSÍ með þeim hætti að ekki komi til árekstra milli faglegra sjónarmiða annars vegar og fjárhagslegs ávinnings einstaklinga eða nánustu vandamanna þeirra hins vegar. Þessa skal sérstaklega gætt varðandi störf Landsliðsnefndar og úrlausn er varðar fjármögnun sérverkefna og styrki til einstaklinga.

#### **11. grein**

Allir félagsmenn í sundfélögum, keppendur og starfsmenn á vegum SSÍ geta leitað úrskurðar Aga- og siðanefndar SSÍ og skal hún kynna niðurstöðu sína fyrir stjórn og skrifstofu SSÍ sem ber ábyrgð á kynningu á niðurstöðu nefndarinnar fyrir aðilum.

#### **12. grein**

Aga- og siðanefnd ber að gefa aðilum máls eðlilegan frest til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og skýringum.

#### **13. grein**

Úrskurðum Aga - og siðanefndar er heimilt að skjóta til dómsstóla ÍSÍ.

#### **Um reglur FINA, LEN og IOC/ÍSÍ um auglýsingar og lyfjamál**

- **SSÍ** er aðili að **ÍSÍ, LEN** og **FINA**
- Almennar reglur **LEN** og **FINA** gilda á öllum opinberum mótum á þeirra vegum
- Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum **FINA, WADA** og lögum **ÍSÍ**
- Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá slíkum efnum
- Reglur **FINA** og **IOC** um auglýsingar að jafnaði í landsliðsverkefnum **SSÍ**
- Um önnur ákvæði í ólympíuverkefnum gilda reglur **ÍSÍ** og **IOC** eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum

#### **Gildandi reglur um fyrirmyndarhlutverk sundfólks**

- Sundfólk sem tekur þátt í verkefnum á vegum **SSÍ** sýnir gott fordæmi í hvívetna.

- **Sundfólk**
  - temur sér jákvæða framkomu og kurteisi í hvívetna
  - fylgir fyrirmælum og kemur fram í samræmi við upplýsingar á hverjum stað
  - telur ekki þátt í neikvæðu umtali um féлага sína eða keppinauta
  - kemur ekki fram opinberlega með neinum þeim hætti sem getur skaðað sundíþróttina og rýrt orðspor hennar út á við
  - viðhefur algert bindindi á tóbak, áfengi og önnur fíkniefni, í verkefnum SSÍ
  - fer í einu og öllu að lyfjareglum **WADA/ÍSÍ**
  - notar ekki efni sem eru ekki leyfð á Íslandi og neytir ekki ólöglegra lyfja
  - tekur þátt í forvörnum í samstarfi við **SSÍ**
  - tekur ekki þátt í kynningarstarfi á vegum annarra en **SSÍ** í tengslum við landslið Íslands í sundi
  - tekur ekki þátt í að auglýsa eða mæla með starfsemi sem gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingar um heilbriggt lífverni
  - virðir íslensk aldursmörk þar sem það kemur fram undir merkjum Íslands

### **Gildandi almennar ferðareglur SSÍ**

- Sundfólk og starfsmenn mæta tímanlega til brottfarar en þá telst upphaf verkefnis
- Sundfólk fylgir útgefnum leiðbeiningum varðandi ferðahegðun
- Á áfangastöðum fylgja þátttakendur fyrirmælum fararstjóra og kappkosta að gæta stundvísi og aðstoða hvern annan eftir því sem við á
- Í verkefnum gildir bann við neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum fíkniefni- eða vímuefnum
- Sundfólk hefur samráð við fararstjóra og þjálfara áður en breytt er notkun lyfja eða tekin inn lyf sem ekki eru á venjulegum heimildalista
- Fararstjóri leitar álits læknis við þær kringumstæður sé þess nokkur kostur
- Fararstjóri raðar sundfólki á herbergi – herbergisnautar eru af sama kyni
- Sundfólk raðast ekki í herbergi með trúnaðarfólki SSÍ nema sérstaklega standi á
- Sundfólk virðir skipulagða hvíldartíma á mótssstað
- Sundfólk hefur samráð við fararstjóra þegar um er að ræða samskipti við fjölmiðla í aðdraganda keppni og á keppnisstað
- Sundfólk fylgir fyrirmælum fararstjóra um notkun einkennisfatnaðar í verkefnum
- Trúnaðarfólk SSÍ sýnir gott og jákvætt fordæmi í hvívetna
- Trúnaðarfólk SSÍ virðir bann við notkun áfengis og tóbaks meðan þeir bera ábyrgð á hópi
- Trúnaðarfólk SSÍ virðir reglur um bann við kynferðislegt samband við sundfólk í verkefni
- Í ferðalögum, á æfingum eða í öðrum verkefnum á ábyrgð SSÍ er yfirgangur, einelti og útilokun sundfólks hvert gegn öðru ekki liðið
- Fararstjóri skilar skýrslu til SSÍ um ferð og árangur innan viku frá ferðalokum

### **Gildandi viðmiðunar- og hegðunarreglur Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands**

#### **Fyrir þjálfara**

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd og spornaðu gegn óíþróttamannslegri og niðurlægjandi hegðun.
2. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
3. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.

4. Hrósaðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska.
5. Komdu eins fram við alla iðkendur og líttu meira til færni en árangurs.
6. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
7. Sæktu reglulega endurmenntun.
8. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
9. Sýndu meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi.

### **Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn**

1. Stattu vörð um grunnildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í íþróttum.
3. Stuðlaðu að því að sameiginlegum markmiðum íþróttar verði náð.
4. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðislegum reglum og venjum sé fylgt.
5. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
6. Vertu til fyrirmyndar í framkomu.
7. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur hreyfingarinnar.
8. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað íþróttahreyfingarinnar.

### **Fyrir foreldra og forráðamenn**

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börnin, ekki bara þitt eigið.
5. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
6. Berðu virðingu fyrir ákvörðunum dómara og annarra starfsmanna.
7. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, aðlögun og manngildum - hvert barn er einstakt og þarfnast virðingar þinnar.
8. Upplýstu um stríðni og/eða áreitni.

### **Fyrir dómara**

1. Mismunaðu ekki aðilum.
2. Settu öryggi og heilsu iðkandans fram yfir allt annað.
3. Sýndu iðkendum, þjálfurum og öðrum sem koma að íþróttinni virðingu.
4. Taktu ávallt ábyrgð á ákvörðunum þínum.
5. Leitaðu þekkingar og fylgstu með þróun íþróttarinnar.
6. Forðastu notkun niðrandi ummæla, upphrópana og blótsyrða í tengslum við íþróttir.
7. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni og pólitískum eða trúarlegum skoðunum.
8. Misnotaðu aldrei stöðu þína sem dómari.

## **Gildandi REGLUR ÍSÍ UM KEPPNISFERÐIR**

### **1. grein**

Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómara skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skylt að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði, þegar aðalfararstjóri ákveður.

### **2. grein**

Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfararstjóri, sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfararstjóri hafi hann verið valinn.

### **3. grein**

Flokksstjórar koma næstir aðalfararstjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfararstjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu

þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu.

#### **4. grein**

Aðalfararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum.

#### **5. grein**

Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að álitu aðalfararstjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og síðar, ef þurfa þykir, til dómstóls ÍSÍ. Öðrum þátttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra álitu óviðeigandi framferði aðalfararstjóra, aðstoðarfararstjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

#### **6. grein**

Aðalfararstjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu.

#### **7. grein**

Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ.

#### **8. grein**

Óskert skal heimild þess aðila, sem að förinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfararstjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

## **Þingskjal 2013-13**

### **60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**

samþykkir að fela stjórn SSÍ að taka Lífsbjörg inn undir hatt Sundsambands Íslands og verða gildandi í samstarfi norðurlandanna í þeim málum.

#### ***Greinargerð***

Á undanförunum árum hafa reglur um öryggi á sundstöðum breyst mjög mikið bæði hér heima og út um heim. Víða hefur tækifærið verið notað og búin til ákveðin menning í kringum lífsbjörg og hefur jafnvel verið sett upp keppni milli landa í lífsbjörg. Undir hatti Norræna Sundsambandsins er starfandi hópur sem hefur með lífsbjörg að gera og Ísland getur gert sig mjög gildandi þar.

Í umræðu á formannafundi í haust var kynnt sú stefna að koma á fót Björgunardeild/nefnd. Þetta þarf að vera formlegt og samþykkt á sundþingi. Það mætti líta á að björgunarnefndin starfaði á svipaðan hátt og flokkurinn víðavatnssund eða sundknattleikur eða dýfingar, þannig að það væri að hluta sjálfstætt en undir regnhlíf SSÍ. Væntanlega þarf þessi nefnd að hafa nokkuð sjálfstæðan fjárhag því þessi þáttur má ekki íþyngja annarri starfssemi SSÍ.

## **Þingskjal 2013-18**

### **60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**

felur stjórn SSÍ, landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd að útfæra neðangreindar hugmyndir í samræmi við afreksstefnu SSÍ. Við vinnu sína ber þessum aðilum að hafa samráð við félögin og starfandi þjálfara á Íslandi. Einnig ber þeim að kynna framgang vinnu sinnar á formannafundum SSÍ og leita þar áhlits á stefnu SSÍ.

## **Elite Team**

- Be selected at the Olympics (OL) or World Championships (LC) as an individual and be placed in top 16 of the final.
- Being selected at the European Championships (LC) as an individual and be ranked in the top 8 of the final.

- Being selected at the Olympics or World Championships (LC) under a relay ranked in the first 8 of the final.
- Being selected at the European Championships (LC) under a relay ranked in the top 4 in the final.

Does not include the following competitions :  
YOG, EYOF, EMU, HMU.

## International Team

---

- Be selected at Olympics (OL) or the World Championships (LC) individually.
- Being selected at the Olympics (OL) or World Championships (LC) under a relay
- Being selected at the European Championships (LC) and be ranked in the top 16 of the final
- Being selected at the European Championships (LC) under a relay ranked in the top 8 of the final.
- Being selected at the European Championships (SC) as an individual and be ranked in the top 8 of the final
- Being selected at the World Junior Championships (HMU) or the Olympic Games (YOG) and be ranked in the top 8 of the final.

## National Team

---

- Be selected at the World Championships (SC) individually
- Being selected at the European Championships (LC) and European Championships (SC)
- Being selected at the World Junior Championships (HMU) or the Olympic Games (YOG) as an individual
- Being selected at the Juniors European Championships (EMU) and be medalist.
- Being selected for Iceland and carried out during an international competition (LC) a FINA point performance higher than 800 points

## Junior National Team

---

- Being selected at the Juniors European Championships (EMU)
- Being selected at the Juniors Nordic Championships (NMU), Age Group Nordic (NÆM), Youth Olympic Festival (EYOF) and be ranked in the top 8 of the final.

**Smáþjóðaleikarnir Lichtenstein 26. Maí – 6. Júní**– Sextán sundmenn sem verða valdir til þátttöku á mótið. Lágmarkatímar hafa verið gefnir út sem eru til viðmiðunar en stjórna ekki vali. Valið verður gert kunnugt að loknu IM50. Sundmenn erlendis verða að senda inn lista af mótum sem þeir keppa á fram að IM50 og mun landsliðsnefnd senda svar til baka með samþykktum mótum. Sundmenn erlendis verða síðan að senda inn tíma fyrir lok IM50 með löggilda tíma af mótum sem landsliðsnefnd hefur samþykkt. Landsliðsnefnd áskilur sér rétt að velja varasundmenn í liðið komi til forfalla. Þjálfarar Jacky Pellerin Ægir, Klaus Jurgen Ohk SH, Hörður Oddfríðarson, stjórn SSÍ fararstjóri og Unnur Sædís sem sjúkraþjálfari.

**EMU Poznan, Póllandi 10. – 14. júlí.** Lágmark á mótið hafa verið gefin út - frestur til að synda á lágmarkum er UMÍ helgin. Þjálfari Mladen SH Fararstjóri

**NMÆ Keflavík Ísland 13. – 14. Júlí.** Ólympíuverkefni með Ólympíugreinum. Undirbúningur undir framtíðina þar sem einstaklingar á þessu móti geta náð lágmarkum fyrir YOG á næsta ári. Einungis þeir sem ná lágmarkum hafa þátttökurétt. Munum ekki bæta við sundmönnum þó að mótið sé haldið hér á landi. Lágmark hafa verið gefin út og lágmarkatími rennur út á UMÍ. Þjálfarar Fararstjóri Málfríður Sigurhansdóttir, stjórn SSÍ / LLN.

**EYOF Utrecht Hollandi 14.-19.júlí.** Lágmrök hafa verið gefin út. Lágmarkatími rennur út á UMI. Þjálfari Fararstjóra

**HM50 Barcelona, Spánn 29. Júlí – 4. Ágúst.** Lágmrök hafa verið gefin út og lágmarkatíminn er í enda Mare Nostrum mótaraðarinnar 16.júní. sjúkraþjálfara og fararstjóra. Liðið fer í æfingarbúðir einhverja daga á undan til Cannet, Frakklandi. Þjálfari Jacky Pellerin Ægir. Unnur Sædís sjúkraþjálfari og fararstjóri í æfingarbúðirnar. Fararstjóri á mótið Málfríður Sigurhansdóttir, stjórn SSÍ/LLN

**Ísland - Færeyjar 12-14 október í Færeyjum.** Val í liðið fer fram í lok september. Staða sundmanna á Swim ranking mun ákveða val á liðinu en sextán sundmenn verða valdir til keppni samkvæmt listanum - ári fyrir mótið (14.okt. 2012 til enda sept.). Jacky Pellerin, Kjell ? fararstjóri. ? að fresta þessu móti í ár þar sem NMU fer fram í eyjunum í ár.

**NMU Þórshöfn, Færeyjar í byrjun desember.** Lágmrök verða gefin út. Lágmarkatími er IM25. Þjálfarar

**EM 25 Herning, Danmörku 12.-15. desember.** Lágmrök verða gefin út. Lágmarka tímabilið er til enda IM25. Þjálfari Jacky Pellerin Ægir. Fararstjóri Magnús Tryggvason, LLN.

**HMU Dubai. Er ekki landsliðsverkefni og verður tekið út sem slíkt.** Ef sundmenn ná lágmrökum og hafa áhuga til að fara þurfa þeir að standa straum af öllum þátttökukostnaði sjálf. Lágmrök hafa verið gefin út fyrir mótið. Lágmarka tímabilið er til 16.júní. Vilji LLN að þetta verkefni verði tekið út af dagskránni - er ekki verkefni sem SSÍ á að senda sundmenn á.

FINA points	Swimming meeting		Swimming Camp	
	17 & +	16 & -	17 & +	16 & -
<b>1200 850</b>	100%	100%	100%	100%
<b>849 825</b>	90%	90%	80%	80%
<b>824 800</b>	80%	80%	60%	60%
<b>799 750</b>	65%	70%	45%	50%
<b>749 700</b>	35%	60%	30%	40%
<b>699 650</b>	0%	50%	0%	30%



649	0%	40%	0%	20%
600				

### **Pingskjal 2013-10**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
felur stjórn SSÍ í samvinnu við landsliðsnefnd, landsliðsþjálfara og formannafundi SSÍ að viðhalda atburðadagatali SSÍ 2013 – 2016.

### **Pingskjal 2013-11**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
samþykkir að aldursflokkar á AMÍ verði miðaðir við júlí til júní í stað almanaksársins, þannig að þeir sem eru fæddir á tímabilinum janúar til júní fylgi í aldursflokki þeim sem fæddir eru á tímabilinu júlí til desember árið á undan.

#### *Greinargerð*

Því hefur lengi verið haldið fram að þeir sem eru fæddir fyrri part ársins séu í betri stöðu til að ná árangri gagnvar þeim sem eru fæddir seinni hluta sama árs. Þessi tillaga hefur verið rædd milli þjálfara og að þeirra beiðni er hún sett fram.

Tillagan var felld

### **Pingskjal 2013-16**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
samþykkir að stjórn SSÍ skuli tryggja að lágmörk SSÍ móta og landsliðsverkefna liggja fyrir áður en sundár hefst í ágúst ár hvert. Það sama skal eiga við um atburðardagatal og staðsetningu móta.

### **Pingskjal 2013-17**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
samþykkir að halda AMÍ með óbreyttu sniði árið 2013. Jafnframt samþykkir þingið að taka UMÍ út af Atburðadagatali SSÍ árið 2013.

#### *Greinargerð*

Tillagan er flutt af Sigurbjörg Róbertsdóttur fyrir hönd ÍRB

Tillagan gengur út á að halda AMÍ með óbreyttu sniði miðað við fyrri ár. Það er dýrt fyrir félög utan af landi að fara á tvö mót með stuttu millibili. Það getur verið erfitt að manna mótið dómurum og starfsfólki. AMÍ er eini vettvangurinn þar sem ungir sundmenn fá að synda með þeim sem eldri eru og lengra komnir í íþróttinni.

Mótanefnd leggur til tillagan verði felld.

Greinargerð. Mótanefnd var sammála um að prufa þetta skipulag sundárið 2012-2013 en strax að loknu AMÍ verði fyrirkomulagið endurskoðað og gerða viðeigandi ráðstafanir á atburðadagatali SSÍ ef gera á breytingar.

### **Pingskjal 2013-19**

**60. þing Sundsambands Íslands haldið í Hafnarfirði 22. og 23. febrúar 2013**  
samþykkir að fela næstu stjórn SSÍ að móta gagnsæjar vinnureglur um hvernig lágmörk á SSÍ mót eru gerð og kynnt fyrir félögum.

Mótanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.